

LÆSI

LÆSI

skilningur og lestraránægja

Haustráðstefna Menntamálastofnunar og Miðstöðvar skólaþróunar HA haldin 17. september 2016



Háskólinn
á Akureyri

Efnisyfirlit

DAGSKRÁ	4
YFIRLIT MÁLSTOFA	9
AÐALERINDI	11
In Defense of Read-Aloud	11
Mat á skólastarfi – gagnlegt og nauðsynlegt	12
A Framework for Understanding Reading Fluency and Comprehension	13
Framsögn og ritun – merkingarbært nám fyrir lífið	14
ÁGRIP AF MÁLSTOFUERINDUM	15
Málstofa 1.1 Rannsókn á Byrjendalæsi – stofa M201	15
Forysta í Byrjendalæsi	15
Byrjendalæsi og starfsþróun kennara.....	15
Gildi leiðsagnar í innleiðingu og þróun Byrjendalæsis.....	16
Málstofa 1.2 Rannsókn á Byrjendalæsi – stofa M202	16
Að vera eða ekki vera BL-skóli?	16
Málstofa 1.3 – stofa M203	17
Læsi – allra mál	17
Þróunarverkefni um málþroska og læsi.....	17
Málstofa 1.4 – stofa L201	18
Structured text comprehension dialogues	18
Lestraruppeldi á unglíngastigi: Hvað leggja reyndir íslenskukennarar til?	18
Málstofa 1.5 – stofa L202	19
Kynning á nýjum læsisprófum Menntamálastofnunar	19
Miðja máls og læsis. Mál- og læsisráðgjafar í	19
Málstofa 1.6 – stofa L203	20
Orð eru til alls fyrst. Kennsluaðferðir leiklistar notaðar í tengslum við lestur og lestraránægju nýbúa	20
Ólíkar námsleiðir í kennslu. Kennsluaðferðir leiklistar notaðar til skilnings og lestraránægju. Vinnusmiðja	20
Málstofa 1.7 – stofa M101	21
Samræðulestur	21
Lesum og tölum saman!	21
Málstofa 1.8 – stofa L101	22
Lesið út í geim og aftur heim	22
Áhrif lestraráhugavatar á lesskilning	22

Málstofa 2.1	23
Rannsókn á Byrjendalæsi – stofa M201	23
Nám og kennsla í Byrjendalæsi.....	23
Inntak texta – orðaforði og lesskilningur.....	23
Tæknilegir þættir lestrarnáms – umskráning og aðrir tæknilegir þættir.....	23
Enduruppbygging merkingar – ritun og önnur sköpun.....	24
Málstofa 2.2	24
Rannsókn á Byrjendalæsi – stofa M202	24
Samstarf heimilis og skóla um læsi barna	24
Samskipti heimila og skóla og heimavinna nemenda	24
Lestrarferfiðleikar frá sjónarhóli foreldra	25
Foreldrar vannýtt afl í lestrarnámi?.....	25
Málstofa 2.3 – stofa M203	26
Lestur til gagns.....	26
Mat á orðaforða í skólastarfi	26
Málstofa 2.4 – stofa L201	27
Hvernig geta námsbækur glætt lestraráhuga? Hvernig kveikjum við neistann?	27
Hvers kyns bókaormar: Lestrarvenjur pílta og stúlkna á Íslandi í evrópskum samanburði	27
Málstofa 2.5 – stofa L202	28
Til að hafa gaman af lestri er nauðsynlegt að skilja tungumálið	28
Læsisáttmáli Heimilis og skóla	28
Málstofa 2.6 – stofa L 203	29
Reynsla umsjónarkennara af kennslu nemenda með leshömlun	29
Gildi læsis fyrir börn og unglunga með Downs-heilkenni	29
Málstofa 2.7 – stofa M101	30
Læsi; gagnvirk nálgun og árangursríkar leiðir	30
Hljóðánám í þrívídd leggur grunn að lestri og ritun.....	30
Málstofa 2.8 – stofa L101	31
Alþjóðavædd ábyrgðarskylda til heimabruks: Íslensk viðbrögð við niðurstöðum PISA.....	31
Vísindalæsi, vísindalegt læsi og PISA fyrirbærið	31
Áhrif og réttmæti skólakerfarannsóknar OECD/PISA sem afkvæmis hugmyndafræðilegra átaka	31
PISA,.....	32
Málstofa 3.1 – stofa M201	33
Folald er lítið lamb. Að efla orðaforða barna með sögulestri.....	33
Málstofa 3.2 – stofa M202	33
Hugleikur – gildi samræðna fyrir nám	33
Málstofa 3.3 – stofa M203	34
Mismunandi námsárangur kynjanna í læsi á yngsta stigi	34
Málstofa 3.4 – stofa L201	34
Orðaforði og hugtakakennsla í námsgreinum grunn- og framhaldsskóla	34
Málstofa 3.5 – stofa L202	35
Æfing í vönduðum upplestri og áhrif á lesskilning	35

Málstofa 3.6 – stofa L203	35
Hvað ræður mishröðum framförum barna í textaritun í 2.–4. bekk?.....	35
Málstofa 3.7 – stofa M101	36
Getur verið gaman að lesa?.....	36
Málstofa 3.8 – stofa L101	36
Leikur með læsi.....	36

Dagskrá

09.00 **Skráning og afhending gagna – molakaffi**

09.30 **Setning**

Laufey Petrea Magnúsdóttir, forstöðumaður Miðstöðvar skólaþróunar HA

09.45 ***In Defense of Read-Aloud***

Dr. Steven L. Layne, prófessor við Judson-háskóla, Illinois

10.35 ***Mat á skólastarfi – gagnlegt og nauðsynlegt***

Dr. Katrín Frímansdóttir, matsfræðingur, lektor og deildarstjóri matsviðs í Mayo Clinic College of Medicine, Minnesota

11.20 **Kaffihlé**

11.40 **Málstofulota I**

1.1 Rannsókn á Byrjendalæsi

Forysta í Byrjendalæsi

Sigríður Margrét Sigurðardóttir, lektor við kennaradeild HA, María Steingrímsdóttir, dósent við kennaradeild HA, og Eygló Björnsdóttir, dósent við kennaradeild HA

Byrjendalæsi og starfsþróun kennara

Eygló Björnsdóttir, dósent við kennaradeild HA, María Steingrímsdóttir, dósent við kennaradeild HA, og Sigríður Margrét Sigurðardóttir, lektor við kennaradeild HA

Gildi leiðsagnar í innleiðingu og þróun Byrjendalæsis

María Steingrímsdóttir, dósent við kennaradeild HA, Eygló Björnsdóttir, dósent við kennaradeild HA, og Sigríður Margrét Sigurðardóttir, lektor við kennaradeild HA

1.2 Rannsókn á Byrjendalæsi

Að vera eða ekki vera BL-skóli?

Rannveig Oddsdóttir, sérfræðingur við Miðstöð skólaþróunar HA, Anna Guðmundsdóttir, sjálfstætt starfandi fræðikona, Halldóra Haraldsdóttir, dósent við kennaradeild HA, Kjartan Ólafsson, lektor við félagsvísindadeild HA, og Rúnar Sigbórsson, prófessor við kennaradeild HA

1.3 Læsi – allra mál

Kristín Ármannsdóttir, kennsluráðgjafi við Þjónustumiðstöð Breiðholts

Þróunarverkefni um málþroska og læsi

Ásthildur Bj. Snorraddóttir, talmeinafræðingur og leiðbeinandi þróunarverkefna

1.4 Structured text comprehension dialogues

Lis Pøhler sérkennsluráðgjafi

Lestraruppeldi á unglingsstigi: Hvað leggja reyndir íslenskukennarar til?

Anna María Jónsdóttir, kennari í Seljaskóla í Reykjavík, og Guðmundur Engilbertsson, lektor við kennaradeild HA

1.5 Kynning á nýjum læsisprófum Menntamálastofnunar

Brynja Baldursdóttir og Ingibjörg Þorleifsdóttir, læsisráðgjafar við Menntamálastofnun

Miðja máls og læsis. Mál- og læsisráðgjafar í skóla- og frístundastarfi í Reykjavík

Dröfn Rafnsdóttir verkefnastjóri

1.6 Orð eru til alls fyrst. Kennsluaðferðir leiklistar notaðar í tengslum við lestur og lestraránægju nýbúa

Ása Helga Ragnarsdóttir, aðjúntkt við Menntavísindasvið HÍ, og Hafdís Guðjónsdóttir, prófessor við Menntavísindasvið HÍ

Ólíkar námsleiðir í kennslu. Kennsluaðferðir leiklistar notaðar til skilnings og lestraránægju. Vinnusmiðja

Ása Helga Ragnarsdóttir, aðjúntkt við Menntavísindasvið HÍ

1.7 Samræðulestur

Hrafnhildur Steinþórsdóttir, kennari við leikskólann Arnarsmára

Lesum og tölum saman!

Jórunn Elísdóttir, dósent við kennaradeild HA

1.8 Lesið út í geim og aftur heim

Heiða Rúnarsdóttir, kennari og bókasafnsfræðingur, og Dröfn Vilhjálmsdóttir bókasafnsfræðingur

Áhrif lestraráhugahvatar á lesskilning

Hafdís Guðrún Hilmarsdóttir, doktorsnemi við Menntavísindasvið HÍ

12.40 Matarhlé

13.20 A Framework for Understanding Reading Fluency and Comprehension

Dr. Stephanie Gottwald, Miðstöð rannsókna um lestur og mál (Assistant Director of the Center for Reading and Language Research) við Tufts-háskóla, Massachusetts

14.10 Málstofulota II

2.1 Rannsókn á Byrjendalæsi

Nám og kennsla í Byrjendalæsi

Baldur Sigurðsson, dósent við Menntavísindasvið HÍ, Halldóra Haraldsdóttir, dósent við kennaradeild HA, og Rannveig Oddsdóttir, sérfræðingur við Miðstöð skólaþróunar HA

Inntak texta – orðaforði og lesskilningur

Halldóra Haraldsdóttir, dósent við kennaradeild HA, og Baldur Sigurðsson, dósent við Menntavísindasvið HÍ

Tæknilegir þættir lestrarnáms – umskráning og aðrir tæknilegir þættir

Anna Guðmundsdóttir, sjálfstætt starfandi fræðikona, og Halldóra Haraldsdóttir, dósent við kennaradeild HA

Enduruppbygging merkingar – ritun og önnur sköpun

Rannveig Oddsdóttir, sérfræðingur við Miðstöð skólaþróunar, HA og Baldur Sigurðsson, dósent við Menntavísindasvið HÍ

2.2 Rannsókn á Byrjendalæsi

Samstarf heimila og skóla um læsi barna

Guðmundur B. Kristmundsson dósent, Gretar L. Marinósson, prófessor við Menntavísindasvið HÍ, og Ingibjörg Auðunsdóttir, sérfræðingur við Miðstöð skólaþróunar HA

Samskipti heimila og skóla og heimavinna nemenda

Ingibjörg Auðunsdóttir, sérfræðingur við Miðstöð skólaþróunar HA

Lestrarerfiðleikar frá sjónarhóli foreldra

Gretar L. Marinósson, prófessor við Menntavísindasvið HÍ

Foreldrar, vannýtt afl í lestrarnámi?

Guðmundur B. Kristmundsson dósent

2.3 Lestur til gagns

Freyja Auðunsdóttir, kennari og verkefnastjóri í Flensborgarskóla

Mat á orðaforða í skólastarfi

Guðmundur Engilbertsson, lektor við kennaradeild HA

2.4 Hvernig geta námsbækur glætt lestrarhuga? Hvernig kveikjum við neistann?

Sigríður Wöhler og Elín Lilja Jónasdóttir, sérfræðingar og ritstjórar við Menntamálastofnun

Hvers kyns bókaormar: Lestrarvenjur pilta og stúlkna á Íslandi í evrópskum samanburði

Brynhildur Þórarinsdóttir, dósent við kennaradeild HA, Andrea Hjálmsdóttir, lektor við félagsvísindadeild HA, og Þóroddur Bjarnason, prófessor við félagsvísindadeild HA

2.5 Til að hafa gaman af lestri er nauðsynlegt að skilja tungumálið

Elsa Pálsdóttir og Andrea Anna Guðjónsdóttir, læsiráðgjafar við Menntamálastofnun

Læsissáttmáli Heimilis og skóla

Björn Rúnar Egilsson, verkefnastjóri hjá Heimili og skóla

2.6 Reynsla umsjónarkennara af kennslu nemenda með leshömlun

Hanna Ásgeirsdóttir, stjórnandi í Borgarhólsskóla, og Hermína Gunnþórsdóttir, lektor við kennaradeild HA

Gildi læsis fyrir börn og unglunga með Downs-heilkenni

Halldóra Haraldsdóttir, dósent við kennaradeild HA

2.7 Læsi; gagnvirk nálgun og árangursríkar leiðir

Bryndís Guðmundsdóttir, talmeinafræðingur og kennari hjá Raddlist ehf. og Talþjálfun Reykjavíkur
Hljóðánám í þrívídd leggur grunn að lestri og ritun

Eyrún Ísfold Gísladóttir, talmeinafræðingur hjá Talþjálfun Reykjavíkur, og Þóra Másdóttir, lektor í talmeinafræði við HÍ

2.8 Alþjóðavædd ábyrgðarskylda til heimabruks: Íslensk viðbrögð við niðurstöðum PISA

Vísindalæsi, vísindalegt læsi og PISA fyrirbærið

Meyvant Þórólfsson, dósent við Menntavísindasvið HÍ

Áhrif og réttmæti skólakerfarannsóknar OECD/PISA sem afkvæmis hugmyndafræðilegra átaka

Þorlákur Axel Jónsson, aðjúnkt við kennaradeild HA

PISA, „blindandi sýn“ á viðfangsefni í læsismenntun og þjóðarsáttmáli um lágmarksárangur

Rúnar Sigþórsson, prófessor við kennaradeild HA

15.10 **Kaffihlé**

15.30 **Framsögn og ritun – merkingarbært nám fyrir lífið**

Brynjar Karl Óttarsson, kennari við Giljaskóla

16.10 **Málstofulota III**

3.1 Folald er lítið lamb. Að efla orðaforða barna með sögulestri

Katrín Elísdóttir, kennari við Sæmundarskóla, Halldóra Haraldsdóttir, dósent við kennaradeild HA, og Jórunn Elíadóttir, dósent við kennaradeild HA

3.2 Hugleikur – gildi samræðna fyrir nám

Jenný Gunnbjörnsdóttir, aðjúnkt við kennaradeild, Sólveig Zophoníasdóttir, sérfræðingur við Miðstöð skólaþróunar HA, Guðmundur Heiðar Frímansson, prófessor við kennaradeild HA, og Jórunn Elíadóttir, dósent við kennaradeild HA

3.3 Mismunandi námsárangur kynjanna í læsi á yngsta stigi

Rósa Karlsdóttir, kennari við Lundarskóla, og Halldóra Haraldsdóttir, dósent við kennaradeild HA

3.4 Orðaforði og hugtakakennsla í námsgreinum grunn- og framhaldsskóla

Guðmundur Engilbertsson, lektor við kennaradeild HA

3.5 Æfing í vönduðum upplestri og áhrif á lesskilning

Sigurlaug Sævarsdóttir kennari og Baldur Sigurðsson, dósent við Menntavísindasvið HÍ

3.6 Hvað ræður mishröðum framförum barna í textaritun í 2.–4. bekk?

Rannveig Oddsdóttir, doktorsnemi og sérfræðingur við Miðstöð skólaþróunar HA, Hrafnhildur

Ragnarsdóttir, prófessor við Menntavísindasvið HÍ, Freyja Birgisdóttir, dósent við Menntavísindasvið HÍ, Steinunn Gestsdóttir, prófessor við sálfræðideild HÍ, og Sigurgrímur Skúlason próffræðingur

3.7 *Getur verið gaman að lesa?*

Sverrir Páll Erlendsson, kennari við Menntaskólann á Akureyri

3.8 *Leikur með læsi*

Guðrún Alda Harðardóttir, uppeldis- og menntunarfræðingur

16.45 *Ráðstefnuslit*

Arnór Guðmundsson, forstjóri Menntamálastofnunar

Ráðstefnustjóri

Hrund Hlöðversdóttir, skólastjóri Hrafnagilsskóla

Myllumerki ráðstefnunnar er:

#læsi16

Yfirlit málstofa

Málstofulota I kl. 11.40–12.40 (miðað er við 30 mínútur á hvert erindi)							
M 201	M 202	M 203	L 201	L 202	L 203	M 101	L101
1.1	1.2	1.3	1.4	1.5	1.6	1.7	1.8
<p>Rannsókn á Byrjendalæsi</p> <p>Forysta í Byrjendalæsi Sigríður Margrét Sigurðardóttir, María Steingrimsdóttir og Eygló Björnsdóttir</p> <p>Byrjendalæsi og starfsþróun kennara Eygló Björnsdóttir, María Steingrimsdóttir og Sigríður Margrét Sigurðardóttir</p> <p>Gildi leiðsagnar í innleiðingu og þróun Byrjendalæsis María Steingrimsdóttir, Eygló Björnsdóttir og Sigríður Margrét Sigurðardóttir</p>	<p>Rannsókn á Byrjendalæsi</p> <p>Að vera eða ekki vera BL-skóli? Rannveig Oddsdóttir, Anna Guðmundsdóttir, Halldóra Haraldsdóttir, Kjartan Ólafsson og Rúnar Sigþórsson</p>	<p>Læsi – allra mál Kristín Ármannsdóttir</p> <p>Þróunarverkefni um málþroska og læsi Ásthildur B. Snorraddóttir</p>	<p>Structured text comprehension dialogues Lis Pøhler</p> <p>Lestraruppeldi á unglingastigi: Hvað leggja reyndir íslenskukennarar til? Anna María Jónsdóttir og Guðmundur Engilbertsson</p>	<p>Kynning á nýjum læsisprófum Menntamálastofnunar Brynja Baldursdóttir og Ingibjörg Þorleifsdóttir,</p> <p>Miðja máls og læsis. Mál- og læsisráðgjafar í skóla- og fristundastarfi í Reykjavík Dröfn Rafnsdóttir</p>	<p>Orð eru til alls fyrst. Kennsluáferðir leiklistar notaðar í tengslum við lestur og lestraránægju nýbúa Ása Helga Ragnarsdóttir og Hafðis Guðjónsdóttir</p> <p>Ólíkar námsleiðir í kennslu. Kennsluáferðir leiklistar notaðar til skilnings og lestraránægju. Vinnusmiðja Ása Helga Ragnarsdóttir</p>	<p>Samræðulestur Hrafnhildur Steinþórsdóttir</p> <p>Lesum og tölum saman! Jórunn Elísdóttir</p>	<p>Lesi út í geim og aftur heim Heiða Rúnarsdóttir og Dröfn Vilhjálmsdóttir</p> <p>Áhrif lestraráhugavatar á lesskilning Hafðis Guðrún Hilmarsdóttir</p>
Málstofulota II kl. 14.10–15.10 (miðað er við 30 mínútur á hvert erindi)							
2.1	2.2	2.3	2.4	2.5	2.6	2.7	2.8
<p>Rannsókn á Byrjendalæsi</p> <p>Nám og kennsla í Byrjendalæsi Baldur Sigurðsson, Halldóra Haraldsdóttir og Rannveig Oddsdóttir</p> <p>Inntak texta – orðaforði og lesskilningur Halldóra Haraldsdóttir og Baldur Sigurðsson</p> <p>Tæknilegir þættir lestrarnáms – umskráning og aðrir tæknilegir þættir Anna Guðmundsdóttir og Halldóra Haraldsdóttir</p> <p>Enduruppbygging merkingar – ritun og önnur sköpun Rannveig Oddsdóttir og Baldur Sigurðsson</p>	<p>Rannsókn á Byrjendalæsi</p> <p>Samstarf heimila og skóla um læsi barna Guðmundur B. Kristmundsson, Gretar L. Marinósson og Ingibjörg Auðunsdóttir</p> <p>Samskipti heimila og skóla og heimavinna nemenda Ingibjörg Auðunsdóttir</p> <p>Lestrarerfiðleikar frá sjónarhóli foreldra Gretar L. Marinósson</p> <p>Foreldrar, vannýtt afl í lestrarnámi? Guðmundur B. Kristmundsson</p>	<p>Lestur til gagns Freyja Auðunsdóttir</p> <p>Mat á orðaforða í skólastarfi Guðmundur Engilbertsson</p>	<p>Hvernig geta námsbækur glætt lestraráhuga? Hvernig kveikjum við neistann? Sigríður Wöhler og Elín Lilja Jónasdóttir</p> <p>Hvers kyns bókaormar: Lestrarvenjur pilla og stúlkna á Íslandi í evrópskum samanburði Brynhildur Þórarinsdóttir, Andrea Hjálmsdóttir og Þóroddur Bjarnason</p>	<p>Til að hafa gaman af lestri er nauðsynlegt að skilja tungumálið Elsa Pálsdóttir og Andrea Anna Guðjónsdóttir</p> <p>Læsisáttmáli Heimilis og skóla Björn Rúnar Egilsson</p>	<p>Reynsla umsjónarkennara af kennslu nemenda með leshömlun Hanna Ásgeirsdóttir og Hermína Gunnþórsdóttir</p> <p>Gildi læsi fyrir börn og unglinga með Downs-heilkenni Halldóra Haraldsdóttir</p>	<p>Læsi; gagnvirk nálgun og árangursríkar leiðir Bryndís Guðmundsdóttir</p> <p>Hljóðánám í þrívídd leggur grunn að lestri og ritun Eyrún Ísford Gísladóttir og Þóra Másdóttir</p>	<p>Alþjóðavædd ábyrgðarskylda til heimabruks: Íslensk viðbrögð við niðurstöðum PISA</p> <p>Vísindalæsi, vísindalegt læsi og PISA fyrirbærið Meyvant Þórolfsson</p> <p>Áhrif og réttmæti skólakerfarannsóknar OECD/PISA sem afkvæmis hugmyndafræðilegra átaka Þorlákur Axel Jónsson</p> <p>PISA, „blindandi sýn“ á viðfangsefni í læsismenntun og þjóðarsáttmáli um lágmarksárangur Rúnar Sigþórsson</p>

Málstofulota III kl. 16.10–16.40 (30 mínútur)							
M 201	M 202	M 203	L 201	L 202	L 203	M 101	L 101
3.1	3.2	3.3	3.4	3.5	3.6	3.7	3.8
<p>Folald er lítið lamb. Að efla orðaforða barna með sögulestri Katrín Elísdóttir, Halldóra Haraldsdóttir og Jörunn Elísdóttir</p>	<p>Hugleikur – gildi samræðna fyrir nám Jenný Gunnbjörnsdóttir, Sólveig Zophoníasdóttir, Guðmundur Heiðar Frímansson og Jörunn Elísdóttir</p>	<p>Mismunandi námsárangur kynjanna í læsi á yngsta stigi Rósa Karlsdóttir og Halldóra Haraldsdóttir</p>	<p>Orðaforði og hugtakakennsla í námsgreinum grunn- og framhaldsskóla Guðmundur Engilbertsson</p>	<p>Æfing í vönduðum upplestri og áhrif á lesskilning Sigurlaug Sævarsdóttir og Baldur Sigurðsson</p>	<p>Hvað ræður mishröðum framförum barna í textaritun í 2.–4. bekk? Rannveig Oddsdóttir, Hrafnhildur Ragnarsdóttir, Freyja Birgisdóttir, Steinunn Gestsdóttir og Sigurgrímur Skúlason</p>	<p>Getur verið gaman að lesa? Sverrir Páll Erlendsson</p>	<p>Leikur með læsi Guðrún Alda Harðardóttir</p>

Aðalerindi

In Defense of Read-Aloud

Dr. Steven L. Layne, prófessor við Judson-háskóla, Illinois
(drread@stevelayne.com)

Author and University Scholar Dr. Steven Layne is passionate about reading aloud to kids of all ages. In this energizing keynote address, he provides teachers with strong research-based rationale for reading aloud throughout the grades as well as providing information on maximizing instruction. Guaranteed: loads of practical information and a lot of laughter.

Dr. Steven Layne serves as full time Professor of Literacy Education at Judson University in Elgin, IL, where he directs the university's masters and doctoral programs in Literacy Education. Dr. Layne's research and writing focus on the affective domain as well as on public speaking. He is a fifteen-year veteran of public education—serving as a classroom teacher in grades two, three, five, six, seven, and eight. Dr. Layne is a respected literacy consultant, motivational keynote speaker, and featured author who works with large numbers of educators and children during school visits and at conferences held throughout the world each year. His work has been recognized with awards for outstanding contributions to the fields of educational research, teaching, and writing from organizations such as USA Today newspaper, The Milken Family Foundation, The National Council of Teachers of English, and the International Reading Association.



Dr. Layne's vast array of experience working at multiple grade levels in the public schools allows him a unique camaraderie with teachers and librarians and his award-winning books for children and young adults add another appealing element to his dynamic presentations. He is a frequent keynote speaker at large conferences and gatherings of literacy educators and librarians throughout the world. In addition, Steve continues to do a few school appearances each year as a guest author and provides in-service for schools throughout the nation.

Mat á skólastarfi – gagnlegt og nauðsynlegt

Dr. Katrín Frímansdóttir, matsfræðingur, lektor og deildarstjóri matssviðs í Mayo Clinic
College of Medicine í Rochester, Minnesota
frimansdottir.katrin@mayo.edu

Eftir því sem gögnum um skólastarf hefur fjölgað og aðgengi að þeim orðið auðveldara hefur áhersla á mat á skólastarfi breyst frá því að vera mikið til tölulegar upplýsingar um þátttöku, fjölda og einkunnir í að vera gögn sem fagfólk í skólakerfinu getur nýtt nemendum til framdráttar. Ef vel er að matsferlinu staðið er hægt að nýta gögn nánast um leið og þau liggja fyrir og setja þau í samhengi við stöðu og framfarir nemenda. Til þess að mat á skólastarfi nýtist sem best og sé ekki eingöngu til þess gert að „skrifa matsskýrslu“ þarf það að vera kerfisbundið, í samhengi við aðstæður og fyrst og síðast nemendamiðað þannig að staða og framfarir nemenda verði alltaf kjarninn í ákvörðunum sem byggja á gögnunum.

Allt mat á skólastarfi þarf að byggja á gagnakerfi sem er aðgengilegt, auðvelt í notkun, ábyggilegt og sveigjanlegt; aðgengilegt að því marki að gögnin í kerfinu séu til staðar þegar notandinn þarf á þeim að halda; auðvelt í notkun þannig að ekki þurfi sérþekkingu í tölfræði til að geta lesið úr gögnunum; áreiðanlegt þannig að notandinn geti treyst niðurstöðunum og ekki síst sveigjanlegt til að mæta þörfum einstakra skóla, kennara, foreldra og nemenda.

Mat á skólastarfi tekur ávallt mið af þeim gögnum sem til eru í kerfinu og því getur skipt sköpum hvernig staðið er að öflun þeirra. Við frekari gagnaöflun þurfa matsfræðingar að koma að málum, móta gagnasöfnun og gagnabanka og hafa um það að segja hvaða gögnum er safnað og með hvaða hætti þau eru sett fram.



Katrín Frímansdóttir lauk Bed-námi frá KHÍ 1983. Hún kenndi við Hagaskóla í Reykjavík 1983–1985, Glerárskóla á Akureyri 1985–1986 og Lundarskóla á Akureyri 1986–1987. Hún var deildarstjóri í forskóla í Osló 1988–1990. Katrín lauk MA-námi í skólastjórnun frá University of Minnesota 1992 og PhD-gráðu í mati á skólastarfi frá sama skóla 2010. Hún hefur unnið sem matsfræðingur í Mayo Clinic síðan 2001 og sem deildarstjóri matssviðs í Mayo Clinic College of Medicine frá stofnun þess 2013.

A Framework for Understanding Reading Fluency and Comprehension

Dr. Stephanie Gottwald, Miðstöð rannsókna um lestur og mál (Assistant Director of the Center for Reading and Language Research) við Tufts-háskóla í Massachusetts

Children who struggle to become fluent readers face challenges understanding text that often go unnoticed in the classroom. The reality of being a slow and insecure reader brings out a survival mentality, and turns the attention of the learner away from the content of the text.

If you work with students of any age, some understanding of how difficult it is to become a fluent reader will be invaluable. Whether you're a classroom teacher or a reading specialist, or even a secondary school science teacher, this presentation will give you practical, real-world support and guidance to improve your effectiveness working with all learners. This dynamic presentation will present the most recent advances in the field of neuroscience to predict who will be at the highest risk of struggling to read and the types of instruction that will address the needs of a variety of learners. Carefully researched and packed with the latest research findings, Dr. Gottwald not only documents the facts of reading fluency, but also provides practical yet compassionate strategies for addressing its impact on learning outcomes and students' lives.



Stephanie Gottwald, PhD, is the Assistant Director of the Center for Reading and Language Research at Tufts University and the Director of Content for the non-profit organization Curious Learning. She received her doctorate in literacy and language development from Tufts University and was the recipient of a Fulbright Scholarship to Germany. Dr. Gottwald is a frequent speaker at events related to elementary educations, literacy and learning disabilities. Her professional publications focus on her research and clinical interests in psycholinguistics, cognitive neuroscience, and learning disabilities and she is the co-author, with Dr. Maryanne Wolf, of the upcoming book *Tales of Literacy for the 21st Century: The Literary Agenda*.

Framsögn og ritun – merkingarbært nám fyrir lífið

Brynjar Karl Óttarsson, kennari við Giljaskóla
brynjar@akmennt.is

Breytingar koma gjarnan fram sem svar við kalli tímans um nýjar áherslur. Mikil gerjun á sér nú stað í skólamállum með innleiðingu nýrrar námskrár og breyttum vinnubrögðum við námsmat. Í ölduróti sem þessu, með tilheyrandi pólitík og tiskustraumum, stendur skólasamfélagið andspænis lykilsþurningum. Hvernig stuðlum við að merkingarbæru námi með virkri þátttöku nemenda í því skyni að efla læsi? Hvernig færum við áherslur í námi og kennslu til nútímalegra horfs í viðleitni okkar til að gera það samkeppnisfært við fjölbreytta afþreyingu og annars konar áreiti? Í Giljaskóla á Akureyri vinna íslenskukennarar á unglingastigi eftir hugmyndafræði sem er afsprengi þessara lykilsþurninga.

Auk þess að gera tilraun til að koma með svör við spurningunum greinir fyrirlesari frá tilurð og hugmyndafræði *Giljaskólaleiðarinnar* í erindi sínu. Tvær af þremur stoðum Giljaskólaleiðarinnar verða útlistaðar, þ.e. framsögn og ritun. Þá verður horft til framtíðar með hliðsjón af áherslum Giljaskólaleiðarinnar.



Brynjar Karl Óttarsson lauk Bed-prófi frá Kennaraháskóla Íslands vorið 2001. Hann kenndi íslensku við Giljaskóla árin 2001–2016. Brynjar er upphafsmaður tveggja skólaþróunarverkefna þar sem áhersla er á merkingarbært nám; *Giljaskólaleiðin* og *Leitin að Grenndargralinu*. Brynjar hefur skrifað greinar um skólamál og veturinn 2015–2016 kom hann að mótun læsisstefnu fyrir grunnskóla á Akureyri.

Ágrip af málstofuerindum

Í fyrri tveimur málstofulotunum samanstendur hver málstofa af tveimur 30 mínútna erindum. Í síðustu málstofulotunni er eitt 30 mínútna erindi í hverri málstofu.

Málstofa 1.1 Rannsókn á Byrjendalæsi – stofa M201

Forysta í Byrjendalæsi

Sigríður Margrét Sigurðardóttir, lektor við kennaradeild HA (sigridurs@unak.is), María Steingrímisdóttir, dósent við kennaradeild HA (maria@unak.is), og Eygló Björnsdóttir, dósent við kennaradeild HA (eyglob@unak.is)

Forysta er talin skipta verulegu máli í þróunarstarfi skóla. Oft er litið til skólastjórans í því sambandi en rannsóknir sýna að til að árangur náist þarf forystan að vera dreifð um skólasamfélagið. Í þessu erindi verður varpað ljósi á það hvernig forysta birtist í innleiðingu og viðhaldi Byrjendalæsis er snýr að skólastjórum, leiðtogum og kennurum, hvaða þýðingu hún hefur og að hverju þarf að huga í sambandi við forystu í tengslum við starfsþróunarlíkanið. Gagna var aflað í gegnum tilviksrannsókn í sex skólum auk spurningakannana sem sendar voru skólastjórum, leiðtogum og kennurum Byrjendalæsis skóla. Niðurstöður benda til þess að skólastjórar þyrftu að koma meira að innleiðingu og viðhaldi Byrjendalæsis og að skýra þurfi forystuhlutverk leiðtoga og kennara betur ásamt því að opna umræðu um hvað í því felst í skólastarfinu.

Byrjendalæsi og starfsþróun kennara

Eygló Björnsdóttir, dósent við kennaradeild HA (eyglob@unak.is), María Steingrímisdóttir, dósent við kennaradeild HA (maria@unak.is), og Sigríður Margrét Sigurðardóttir, lektor við kennaradeild HA (sigridurs@unak.is)

Samhliða þróun læsisaðferðar Byrjendalæsis hefur verið sett saman tveggja ára starfsþróunarlíkan sem hefur það að markmiði að styðja skólana við innleiðingu aðferðarinnar. Í þessu erindi er fjallað um starfsþróun kennara og leiðtoga sem þátt hafa tekið í Byrjendalæsi. Fjallað verður um hvernig starfsþróun í Byrjendalæsi hefur komið til móts við þarfir kennara og leiðtoga og hvaða skilyrði hafa verið sköpuð til starfsþróunar þeirra innan skólans. Niðurstöðurnar byggja á tilviksrannsóknnum í sex skólum og spurningakönnunum sem náðu til kennara, leiðtoga og skólastjóra Byrjendalæsis skóla. Niðurstöður benda til þess að þátttaka í Byrjendalæsi hafi eflt kennara og leiðtoga faglega; aukið þekkingu þeirra á læsi og læsikennslu og gert kennslu þeirra markvissari þar sem nám nemandans er í forgrunni. Hins vegar kemur fram að tímaskortur, skipulag stundaskrár og önnur verkefni innan skólanna geti hindrað kennara og leiðtoga í þróunarstarfi Byrjendalæsis.

Gildi leiðsagnar í innleiðingu og þróun Byrjendalæsis

María Steingrimsdóttir, dósent við kennaradeild HA (maria@unak.is), Eygló Björnsdóttir, dósent við kennaradeild HA (eyglob@unak.is), og Sigríður Margrét Sigurðardóttir, lektor við kennaradeild HA (sigridurs@unak.is)

Starfsþróunarlíkan Byrjendalæsis hefur verið hannað með það fyrir augum að styðja við innleiðingu aðferðarinnar í skólum. Gert ráð fyrir að skipaður sé leiðtogi í hverjum skóla sem gegnir lykilhlutverki við innleiðingu aðferðarinnar. Í þessu erindi er fjallað um stuðning sem leiðtogar veita kennurum og hvernig kennarar telja að sá stuðningur gagnist þeim til að ná tökum á aðferðinni. Skoðað er á hvern hátt starf leiðtogans hefur þróast í Byrjendalæsissskólum og leitast við að skýra ástæður þess og áhrif á innleiðingu Byrjendalæsis í skólunum. Niðurstöðurnar byggja á tilviksrannsóknnum í sex skólum og spurningakönnunum sem náðu til kennara, leiðtoga og skólastjóra Byrjendalæsissskóla. Niðurstöður benda til þess að þættir eins og reynsla, þekking og áhugi leiðtogans á læsiskennslu og aðferðum Byrjendalæsis og ytra stuðningsnet skólans hafi áhrif á hvernig leiðtogum gengur að sinna leiðsagnarhlutverki sínu.

Málstofa 1.2

Rannsókn á Byrjendalæsi – stofa M202

Að vera eða ekki vera BL-skóli?

Rannveig Oddsdóttir, sérfræðingur við miðstöð skólaþróunar við HA (rannveigo@unak.is), Anna Guðmundsdóttir, sjálfstætt starfandi fræðikona (anna.gudmundsdottir@gmail.com), Halldóra Haraldsdóttir, dósent við kennaradeild HA (hh@unak.is), Kjartan Ólafsson, lektor við félagsvísindadeild HA (kjartan@unak.is), og Rúnar Sigþórsson, prófessor við kennaradeild HA (runar@unak.is)

Í málstofunni verður í tveimur erindum gerð grein fyrir niðurstöðum úr spurningalistarannsókn sem náði til 592 kennara í 1.–4. bekk í 121 skóla. Skoðaður verður munur á svörum kennara, annars vegar í skólum sem kenna samkvæmt Byrjendalæsi og hins vegar í skólum sem nota aðrar aðferðir.

Erindi 1: Í þessu erindi verður leitað svara við því hvort munur sé á því hversu mikla áherslu kennarar leggja á mismunandi námsþætti læsis í Byrjendalæsissskólum og skólum sem nota aðrar aðferðir. Niðurstöðurnar sýna að bæði í Byrjendalæsissskólum og öðrum skólum er unnið með alla helstu þætti læsis en áherslur eru lítið eitt ólíkar. Í báðum flokkum skóla er lögð álíka mikil áhersla á stafa- og hljóðþekkingu. Aftur á móti eru vísbendingar um að í Byrjendalæsissskólum sé lögð meiri áhersla á lesskilning, orðaforða og yndislestur en að í skólum sem nota aðrar aðferðir sé lögð meiri áhersla á lesfimi, skrift og réttitrun.

Erindi 2: Í þessu erindi verður leitað svara við því hvort munur sé á skipulagi kennara og vinnuaðferðum og viðfangsefnum nemenda í Byrjendalæsissskólum og skólum sem nota aðrar aðferðir. Niðurstöðurnar sýna að bæði í Byrjendalæsissskólum og öðrum skólum nota kennarar fjölbreytt skipulag. Nemendur vinna ýmist einir, í þörum eða saman í hópum og gjarnan eru settar upp stöðvar með mismunandi verkefnum. Þó eru vísbendingar um að í Byrjendalæsissskólum sé lögð meiri áhersla á samvinnu nemenda á meðan nemendur í öðrum skólum vinna meira einir. Niðurstöðurnar sýna einnig að bæði í Byrjendalæsissskólum og öðrum skólum hafa nemendur fjölbreytt viðfangsefni. Þó er sá munur á svörum að í skólum sem hafa innleitt Byrjendalæsi er meiri áhersla lögð á heimatilbúin verkefni, námsspil og leiki og þjálfun námstækni en í skólum sem nota aðrar aðferðir vinna nemendur meira með tilbúna verkefnabækur.

Málstofa 1.3 – stofa M203

Læsi – allra mál

Kristín Ármannsdóttir, kennsluráðgjafi við Þjónustumiðstöð Breiðholts
(lovisa.gudrun.olafsdottir@reykjavik.is)

Læsi – allra mál er samstarfsverkefni sem fór af stað í Breiðholti haustið 2015. Að verkefninu standa Þjónustumiðstöð Breiðholts og leik- og grunnskólar í hverfinu. Meginmarkmið verkefnisins er að efla málþroska og læsi barna í Breiðholti og tengja saman nám barna milli skólastiga. Samfella í námi hvers barns allt frá leikskóla til framhaldsskóla er lykilatriði og því skiptir samfélagsverkefni sem þetta miklu máli. Lykilþættir í verkefninu eru samstarf milli skólastiga, vinna með aðferðir sem skila árangri og auka samstarf starfsfólks innan/milli skólanna.

Framkvæmdin á verkefninu felst í að skima málþroska og undirbúningsþætti lestrarnáms í leik- og grunnskólum. Eftir skimanir eru settar í gang markvissar aðgerðir með þeim börnum sem skimast í áhættu. Þær aðgerðir byggja á viðurkenndum aðferðum. Markmiðið er að Breiðholtið vinni í framtíðinni eftir sameiginlegri læsisstefnu sem gengur þvert á leik- og grunnskóla.

Á málstofunni verður fjallað um tilurð verkefnisins, snemmtæka íhlutun, framkvæmdina á verkefninu og hvernig vinnan hefur skilað sér inn í leik- og grunnskóla Breiðholts.

Þróunarverkefni um málþroska og læsi

Ásthildur Bj. Snorradóttir, talmeinafræðingur og leiðbeinandi þróunarverkefna
(asthildurs@hafnarfjordur.is)

- Í Málþroski og læsi – færni til framtíðar. Þróunarverkefni í tengslum við málörvun ungra barna í Húnavatnssýslum og Strandabyggð
- Snemmtæk íhlutun í málörvun leikskólubarna – undirbúningur undir lestur, þróunarverkefni í leikskólanum Norðurbergi, Hafnarfirði

Markmið og leiðir:

Að útbúa aðgerðaráætlun sem síðan verður sett fram í sérstakri handbók leikskólanna. Stefnt

er á að öll börn í leikskólum, þar sem unnið er eftir markmiðum þróunarverkefnanna, ná hámarksárangri hvað varðar mál og læsi í víðara samhengi. Þessi undirbúningur í leikskólunum skilar börnum betur undirbúninginn í fyrsta bekk grunnskóla og unnið er í anda heildstæðrar skólafestefnu. Lögð er áhersla á að hvert barn fái íhlutun og kennslu við hæfi. Það er mikilvægt að kennsla í grunnskólum byggji á niðurstöðum og kennslu frá leikskólum, þannig að komið verði í veg fyrir afturvirkta rof (Gerður G. Guðjónsdóttir, 2012). Unnið er eftir hugmyndafræði um snemmtæka íhlutun með áherslu á hámarksárangur hvað varðar mál og læsi. Sérstök áhersla í þróunarverkefnunum er á að skilgreina verkferla og vinnu tengda málörvun og læsi með samræmdum aðgerðum. Fjallað verður um verkferla til að bregðast við með íhlutun um leið og rökstuddur grunur vaknar um málþroskafrávik hjá ungum börnum. Sérstök áhersla er lögð á hugmyndir hvað varðar skipulagt námsumhverfi, skilgreinda málörvun og íhlutun við hæfi. Einnig verða áherslur sem liggja til grundvallar Handbók leikskólanna til að ná ofangreindum markmiðum kynntar sérstaklega.

Málstofa 1.4 – stofa L201

Structured text comprehension dialogues

Lis Pøhler sérkennsluráðgjafi (lis.poehler@gmail.com)

The project took place in Denmark, Sweden and Finland from 2013 to 2015. The students were taught literacy strategy instruction and the project gave them opportunities to practice strategies appropriate for this. In the project two methods were tested. This project involved students with intellectual disability or autism, and some with both diagnoses, aged 13–17. 70 students from the three countries participated. Furthermore, a control group of 40 students was a part of the project. 16 text comprehension dialogues lasting approximately 20 minutes each were conducted in a period of approximately 8 weeks. The students were in groups with approximately 4 students in each group and there was one teacher in each group. The 16 texts were found in newspapers, at the Internet or in brochures. Both methods were effective and can be used with students in other classes in both the primary and the secondary school. And the methods can be used to read fictive texts as well as non-fictive. The project report, teacher instructions, texts etc. can be downloaded here:

<http://www.videnomlaesning.dk/projekter/strukturede-tekstsamtaler/>.

Everything is written in both Danish and Swedish.

Lestraruppeldi á unglíngastígi: Hvað leggja reyndir íslenskukennarar til?

Anna María Jónsdóttir, kennari í Seljaskóla í Reykjavík (HA090700@unak.is), og
Guðmundur Engilbertsson, lektor við kennaradeild HA (ge@unak.is)

Undanfarna áratugi hefur verið fylgst nokkuð kerfisbundið með bóklestri barna og unglínga og gefa niðurstöður til kynna að bóklestur fari minnkandi. PISA-mælingar á lesskilningi benda til hrakandi lesskilnings unglínga og hafa niðurstöðurnar verið settar í samhengi við minnkandi bóklestur. Þjóðaráttak um læsi hefur m.a. beint sjónum að mikilvægi lestrarkennslu á unglíngastígi sem nær til þess að efla lesskilning og lestraránægju. Að efla lesskilning og kveikja áhuga nemenda á lestri er sameiginlegt verkefni skóla, heimila og samfélagsins alls. Bókmenntakennsla og hvatning til lestrar er eitt meginhlutverk íslenskukennara. Í erindinu verður gerð grein fyrir nýlegri rannsókn þar sem rætt var við reynda íslenskukennara á unglíngastígi. Spurt var um stöðu lestrar og það sem kennarar hafa trú á að stuðli að jákvæðum

árangri í lestrarkennslu. Niðurstöður benda til þess að kennarar hafi miklar áhyggjur af minni lestrarfærni nemenda sinna. Að þeirra mati felst lestrarkennslan helst í að kveikja áhuga á bókum, hvetja til lestrar, veita tíma til yndislestrar í skólanum og leggja fyrir verkefni sem krefjast lestrar og ritunar og auka skilning. Kennararnir muna ekki eftir að áhersla hafi verið lögð á læsi og lestrarkennslu unglunga í kennaranámi sínu og telja áriðandi að foreldrar og heimilin axli meiri ábyrgð á lestri barna. Í erindinu verða helstu niðurstöður rannsóknarinnar kynntar.

Málstofa 1.5 – stofa L202

Kynning á nýjum læsisprófum Menntamálastofnunar

Brynja Baldursdóttir (brynja.baldursdottir@mms.is) og Ingibjörg Þorleifsdóttir (ingibjorg.thorleifsdottir@mms.is), læsiráðgjafar við Menntamálastofnun

Í *Hvítbók um umbætur í menntun* er lagt til að reglubundnar mælingar á lestri verði samhæfðar með stöðu- og skimunarprófum allt frá leikskólastigi til loka grunnskóla og niðurstöðurnar nýttar á markvissan hátt. Lögbundin samræmd könnunarpróf verði nýtt í sama skyni. Menntamálastofnun hefur verið falið að gera tillögu um útfærslu og framkvæmd skimunarprófa fyrir læsi í leik- og grunnskóla. Kynnt verða ný læsispróf sem Menntamálastofnun vinnur nú að. Þegar hafa verið unnin lesfimiþróf fyrir 1.–10. bekk. Þar er um að ræða tvö próf fyrir hvern árgang og er annað prófanna (A-prófið) staðlað fyrir tvö tímabil; september og maí. Hitt prófið (B-prófið) er staðlað fyrir janúar. Þannig nást þrjú stöðlunartímabil lesfimiþrófa fyrir hvern árgang, þ.e. september, janúar og maí. Einnig hafa verið unnin próf í sjónrænum orðaforða, orðleysulestri og nefnuhraða fyrir alla árganga. Hafin er vinna við gerð lesskilningsprófa fyrir 1.–10. bekk og síðar verður unnið að ritunarprófum fyrir 2.–10. bekk. Í framhaldi af gerð læsisprófanna verða sett viðmið um lágmarkshæfni í lestri á tilteknum stigum grunnskólans, þ.m.t. lesfimi, lesskilningur, orðaforði og ritfærni, í samræmi við aðalnámskrá. Einnig verður unnið að gerð skimunarprófa fyrir leikskóla þar sem undirstöðupættir læsis verða metnir.

Miðja máls og læsis.

Mál- og læsiráðgjafar í skóla- og frístundastarfi í Reykjavík

Dröfn Rafnsdóttir verkefnastjóri (Drofn.Rafnsdottir@reykjavik.is)

Erindið fjallar um Miðju máls og læsis, teymi ráðgjafa sem tekið hefur til starfa í Reykjavík. Miðja máls og læsis er þekkingarteymi sem veitir ráðgjöf, eftirfylgd og fræðslu vegna máls og læsis í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar. Markmið Miðju máls og læsis er að efla fagmennsku kennara og starfsfólks í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar með ráðgjöf, símenntun og stuðningi við markviss vinnubrögð með mál og læsi og stuðla að því að öllum kennurum og starfsfólki í skóla- og frístundastarfi í borginni verði gert kleift að sækja sér símenntun á sviði máls og læsis. Í erindinu verður fjallað um tilurð Miðju máls og læsis og undirbúning að stofnun hennar, sem byggð er á tillögum Fagráðs um eflingu málþroska, lestrarfærni og lesskilnings í leik- og grunnskólum Reykjavíkur. Fagráð þetta skilaði skýrslu vorið 2015 og má finna hana hér:

http://reykjavik.is/sites/default/files/fagrad_laesi_skyrsla_loka.pdf. Sagt verður frá helstu verkefnum og vinnubrögð ráðgjafanna kynnt, sem og samvinna þeirra við leik- og grunnskóla og við frístundaheimili og félagsmiðstöðvar í borginni, auk samstarfs þeirra við

sérfræðiþjónustu sem starfandi eru á þjónustumiðstöðvum í sex hverfum í Reykjavík. Einnig verður fjallað um samstarf Miðju máls og læsis við Menntamálastofnun og háskólasamfélagið.

Málstofa 1.6 – stofa L203

Orð eru til alls fyrst. Kennsluaðferðir leiklistar notaðar í tengslum við lestur og lestraránægju nýbúa

Ása Helga Ragnarsdóttir, aðjúntkt við Menntavísindasvið HÍ (asahrag@hi.is), og
Hafdís Guðjónsdóttir, prófessor við Menntavísindasvið HÍ (hafgud@hi.is)

Málskilningur er undirstaða lesskilnings þar sem orðaforði gegnir mikilvægu hlutverki (Snowling, 2006). Mikilvægt er að nota fjölbreyttar kennsluaðferðir sem reyna á ólíka þætti hjá nemendum til að efla málskilning. Orðaforði eykst og eflist í leiðinni. Erindi þetta byggir á niðurstöðum starfendarannsóknar sem var framkvæmd í einum af grunnskólum landsins og var markmiðið að skilja og öðlast þekkingu á hvort og hvernig kennsluaðferðir leiklistar gætu nýst við kennslu tvítýngdra unglunga. Lagt var upp með rannsóknarspurninguna: Geta kennsluaðferðir leiklistar haft áhrif á þátttöku og orðaforða tvítýngdra unglunga í grunnskólum? Þátttakendur voru háskólakennari, kennaranemi og fjórir nemendur í nýbúadeild grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu. Í niðurstöðum kom m.a. fram að kennsluaðferðir leiklistar geta aukið orðaforða tvítýngdra nemenda. Það virtist vera sem fjölbreytni þeirra verkefna sem unnin voru með kennsluaðferðum leiklistar hafi gefið nemendum tækifæri til að nýta eigin styrkleika í námi sínu og vinna á feimni og hlédrægni. Í leiklist er unnið markvisst með hópvinnu og stuðlaði samvinna nemenda að góðum samskiptum og þjálfaði þá í málnotkun og samskiptahæfni. Félagshæfni nemenda virtist aukast og kennsluaðferðir leiklistar virtust vekja áhuga nemenda á námsefninu og veita þeim aukin tækifæri til náms.

Ólíkar námsleiðir í kennslu. Kennsluaðferðir leiklistar notaðar til skilnings og lestraránægju. Vinnusmiðja

Ása Helga Ragnarsdóttir, aðjúntkt við Menntavísindasvið HÍ (asahrag@hi.is)

Vinnusmiðja fyrir starfandi kennara. Unnið verður með námsefni, og notaðar kennsluaðferðir leiklistar til þess að dýpka skilning á því. Að minnsta kosti ein saga verður tekin fyrir og hún gædd lífi. Í vinnusmiðjunni er leitast við að miðla nokkrum fjölbreyttum skapandi kennsluaðferðum þar sem nám og skemmtun fer saman. Áhersla verður lögð á glens og gleði í þeim verkefnum sem tekin verða fyrir. Tekin verða dæmi um verkefni er henta öllum skólastigum. Vinnusmiðjan er verkleg.

Málstofa 1.7 – stofa M101

Samræðulestur

Hrafnhildur Steinþórsdóttir, kennari við Leikskólann Arnarsmára
(hrafnhildurs@kopavogur.is)

Í tengslum við M.Ed.-nám í sérkennslufræðum við HÍ var gerð rannsókn sem samanstóð af íhlutunar- og samanburðarhóp með 22 börnum á aldrinum þriggja til fjögurra ára. Tilgangur rannsóknarinnar var að komast að því hvort hægt væri að auka og örva málþroska leikskólabarna með markvissum lestri sögubóka fyrir þau. Auk þess var markmið hennar að ýta undir og styðja við góðar lestrarvenjur foreldra með lestraraðferð sem er þekkt og viðurkennd og hefur sýnt fram á jákvæð áhrif á málþroska ungra barna. Helstu niðurstöður sýndu marktækar framfarir hjá báðum hópum milli mælinga. Þá fór þeim börnum sem lesið var fyrir með Samræðulestri að meðaltali meira fram á íslenska orðskilningsprófinu (PPVT-4) en þeim börnum sem voru í samanburðarhóp. Þó ekki hafi mælst marktækur munur á hópunum bættu börnin í íhlutunarhóp við sig 7,1 orði umfram börnin í samanburðarhóp á þessu 6 vikna tímabili sem rannsóknin fór fram. Í ljós kom að foreldrar íhlutunarhópsins höfðu aldrei heyrt um Samræðulestur fyrir lestrarátakið. Að kynningu og átaki loknu voru þeir mjög jákvæðir gagnvart lestraraðferðinni og fannst hún góð viðbót við lestur með börnunum. Þá urðu breytingar á þeim atriðum sem sneru að lestrarvenjum þeirra með börnunum.

Lesum og tölum saman!

Jórunn Elíadóttir, dósent við kennaradeild HA (je@unak.is)

Ein af þeim leiðum sem hægt er að nýta með yngri börnum er *Dialog reading* eða samræðulestur til að auka málvitund og málskilning. Samræðulestur býður upp á marga möguleika til að efla málvitund og samræður barna og er því góð undirstaða undir allan lestur. Með aukinni notkun skjámiðla hefur lestur í gegnum rafbækur og rafrænan leik aukist. Ýmsar rannsóknir benda á að rafrænn lestur með ungum börnum þjónar oft öðrum markmiðum en lestur hefðbundinna bóka. Til dæmis hefur komið fram að hefðbundinn lestur bóka stuðlar að meiri samskiptum foreldra og barna en rafrænn lestur. Í erindinu verður fjallað um samræðulestur og hvað hann felur í sér, sem og mismun þess að lesa með ungum börnum rafrænt og með hefðbundnum bókum.

Málstofa 1.8 – stofa L101

Lesið út í geim og aftur heim

Heiða Rúnarsdóttir, kennari og bókasafnsfræðingur (heida.runarsdottir@reykjavik.is), og
Dröfn Vilhjálmsdóttir bókasafnsfræðingur (drofn.vilhjalmsdottir@reykjavik.is)

Á skólasöfnum er unnið margbreytilegt starf þar sem lestrarhvatning og lestraránægja nemenda er meðal annars höfð í fyrirrúmi. Skólasöfn gegna mikilvægu hlutverki við að stuðla að og viðhalda lestraránægju nemenda. Einn lykilþátturinn að árangursríku starfi á skólasöfnum er öflugt samstarf við kennara og foreldra.

Í málstofunni verða sýnd í máli og myndum fjölbreytt lestrarhvetjandi verkefni sem kennarar geta auðveldlega nýtt í skólustarfi. Sagt verður frá árangursríkum leiðum í samstarfi skólasafna við allt skólasamfélagið. Jafnframt verður greint frá því hvernig hægt er að nýta atburði líðandi stundar í samfélaginu og þema í námsefni til lestrarhvatningar meðal nemenda. Sýnt verður hvar og hvernig hægt sé að nálgast áhugaverðar og einfaldar hugmyndir að lestrarhvetjandi verkefnum.

Tilgangur kynningarinnar er að stuðla að fjölbreytileika í verkefnavinnu meðal nemenda sem glæðir áhuga þeirra á lestri og bókmenntum. Jafnframt miðast hún við að þátttakendur fari með í farteskinu kveikjur að hagnýtum verkefnum sem hægt er að nýta á einfaldan hátt í skólastofunni.

Áhrif lestraráhugahvatar á lesskilning

Hafdís Guðrún Hilmarsdóttir, doktorsnemi við Menntavísindasvið HÍ
(hafdis.gudrun@gmail.com)

Rannsóknir sýna að lestraráhugahvöt hefur áhrif á ýmsar hliðar lestrarfærni, svo sem umskráningu, lesskilning og orðaforða. Börn með litla lestraráhugahvöt lesa minna en jafnaldrar með meiri lestraráhuga. Rannsóknir sýna einnig að tengsl eru á milli lestrarerfiðleika, slakrar lestraráhugahvatar og lítils lesturs. Markmið rannsóknarinnar var að kanna lestraráhugahvöt á meðal nemenda í 5. bekk og skoða áhrif hennar á gengi þeirra í lesskilningi. Í ljósi PISA niðurstaðna sem sýna minnkandi lestraráhuga á meðal íslenskra unglinga, einkum drengja, voru tengslin einnig skoðuð eftir kyni. Þetta er fyrsta íslenska rannsóknin þar sem hlutverk lestraráhugahvatar í lesskilningi meðal nemenda á miðstigi grunnskóla er rannsakað. Þátttakendur í rannsókninni voru valdir í lagskiptu tilviljunarúrtaki. Alls 400 nemendur í 5. bekk, úr 24 bekkjum úr 8 skólum á höfuðborgarsvæðinu og Reykjanesi, svöruðu spurningalista um lestraráhuga og leystu lesskilningsverkefni. Niðurstöður sýndu að lestraráhugahvöt hefur marktæk tengsl við lesskilning og virðast þau sterkari á meðal stúlkna en drengja. Í málstofunni verður fjallað um helstu niðurstöður rannsóknarinnar og hvaða leiðir má fara til að efla lestraráhugahvöt.

Málstofa 2.1

Rannsókn á Byrjendalæsi – stofa M201

Nám og kennsla í Byrjendalæsi

Á málstofunni verður fjallað um niðurstöður sem fengist hafa í rannsókn á Byrjendalæsi. Gagna var aflað með vettvangsathugunum, viðtölum við kennara, börn og forelda í sex Byrjendalæsissskólum og spurningalistum til stjórnenda og kennara í yfir 100 skólum.

Í þessari málstofu verður sjónum beint að því hvernig kennslu í lestri er hagað í 1. og 2. bekk í Byrjendalæsissskólum. Í Byrjendalæsi er gert ráð fyrir samvirkni málheildaraðferða og eindaraðferða í námi og samþættingu á lestri, ritun, tali og hlustun í kennslu. Kennslan skiptist í þrjú þrep. Á fyrsta þrepi er nemendum kynntur gæðatexti sem lagður er til grundvallar í kennslulotu sem tekur að jafnaði eina viku. Á fyrsta þrepi er unnið með orðaforða og málskilning út frá textanum. Á öðru þrepi er unnið með tæknilega þætti lestrar og hugað að umskráningu og öðrum tækniþáttum. Á þriðja þrepi fer fram enduruppbygging merkingar þar sem textinn verður að uppsprettu frekari greiningar og sköpunar nemenda. Niðurstöður eru bornar saman við inntak og skipulag Byrjendalæsis eins og það birtist hjá aðalhöfundi þess, Rósu Eggertsdóttur. Gert er ráð fyrir að kennarar beiti stigskiptum stuðningi við kennslu, að námsaðlögun sé hluti af skipulagi kennslunnar og að áhersla sé lögð á athafnamiðað nám og samvinnunám. Ennfremur er skoðuð þróun kennslu og viðfangsefna nemenda frá hausti í 1. bekk til vors í 2. bekk.

Málstofunni verður skipt í þrjú erindi sem eru eftirtalin:

Inntak texta – orðaforði og lesskilningur

Halldóra Haraldsdóttir, dósent við kennaradeild HA (hh@unak.is), og Baldur Sigurðsson, dósent við Menntavísindasvið HÍ (balsi@unak.is)

Í erindinu verður greint frá niðurstöðum um leiðir sem kennarar notuðu til að efla orðaforða og lesskilning nemenda. Unnið var úr gögnum sem tengjast aðferðum kennara við val og úrvinnslu texta, eflingu orðaforða, notkun lesskilningsaðferða og stuðningi við nemendur. Niðurstöður sýna að allir kennararnir leggja áherslu á orðskýringar í texta og þeir beina athygli með ákveðnum hætti að lesskilningi yngstu nemenda, en sums staðar virðist skorta frekari dýpt í úrvinnslu.

Tæknilegir þættir lestrarnáms – umskráning og aðrir tæknilegir þættir

Anna Guðmundsdóttir, sjálfstætt starfandi fræðikona (anna.gudmundsdottir@gmail.com), og Halldóra Haraldsdóttir, dósent við kennaradeild HA (hh@unak.is)

Í erindinu verður farið yfir hvernig unnið er með umskráningu og aðra tækniþætti lestrar. Niðurstöður sýna að unnið er markvisst með þessa þætti út frá textanum sem liggur til grundvallar hverju sinni. Verkefni eru yfirleitt fjölbreytt og athafnamiðuð en samvinnunámi tæpast gert nógu hátt undir höfði. Verkefni gera auknar kröfur til nemenda eftir því sem á líður en þó vakna spurningar um hvort nóg sé komið til móts við duglegustu nemendurna og hvort einstaka verkefni séu ofnotuð á kostnað enn frekari fjölbreytni.

Enduruppbygging merkingar – ritun og önnur sköpun

Rannveig Oddsdóttir, sérfræðingur við miðstöð skólaþróunar HA (rannveigo@unak.is), og
Baldur Sigurðsson, dósent við Menntavísindasvið HÍ (balsi@hi.is)

Í erindinu verður fjallað um það hvernig unnið er með ritun og textagerð við enduruppbyggingu texta í lokaþrepi Byrjendalæsis. Unnið er með ritun á fjölbreyttan hátt og teikningar og texti notuð til túlkunar og tjáningar. Í sumum tilvikum er þessi þáttur þó veigalítill og virðist vera látinn mæta afgangi í skipulagi kennslunnar. Líkt og ráð var fyrir gert benda niðurstöður til þess að vægi þessa þáttar vaxi eftir því sem á líður.

Málstofa 2.2

Rannsókn á Byrjendalæsi – stofa M202

Samstarf heimilis og skóla um læsi barna

Í málstofunni er fjallað um þrjú viðfangsefni sem tengjast læsinaði barna. Öll spretta þau upp úr gögnum Byrjendalæsisrannsóknarinnar (BLR), úr spurningalista til yfir 2000 foreldra og viðtölum við nemendur, foreldra og umsjónarkennara. Í upphafi er í stuttu máli gerð grein fyrir rannsókninni og í lok þriggja erinda, sem hvert um sig tekur 15 mínútur, eru dregnar almennar ályktanir af niðurstöðunum sem varða samstarf heimila og skóla um læsi barna. Síðan eru spurningar og umræður. Alls er málstofan 60 mín. Erindin eru eftirfarandi:

1. Samskipti heimila og skóla og heimavinna nemenda (Ingibjörg Auðunsdóttir)
2. Lestrarferðleikar frá sjónarhóli foreldra (Gretar L. Marinósson)
3. Foreldrar, vannýtt afl í lestrarnámi? (Guðmundur B. Kristmundsson)

Samskipti heimila og skóla og heimavinna nemenda

Ingibjörg Auðunsdóttir, sérfræðingur við miðstöð skólaþróunar HA (ingibj@unak.is)

Foreldrar eru nokkuð sáttir við samskipti sín við skólann en segjast þurfa meiri upplýsingar um lestrarkennsluna. Foreldrar segjast fá upplýsingar um lestrarkennsluna í foreldraviðtölum, með tölvubréfum og á foreldrafundum en fá fremur litlar upplýsingar um lestrarkennsluna úr skólanámskrá skólans, í fréttabréfum, bæklingum og námskeiðum. Almenn virðast foreldrar ekki hafðir með í ráðum í lestrarnámi barna þeirra. Þrátt fyrir það líta þeir á sig sem þátttakendur í námi barna sinna.

Flestir foreldrar telja lestur skipta meginmáli í námi barnsins og að heimavinna tengd læsi hjálpi barninu að læra að lesa. Tæpur fjórðungur foreldra, sem spurðir voru, segja heimavinnu valda of miklu álagi á fjölskylduna og athygli vekur að álagið er marktækt meira hjá foreldrum drengja en stúlkna. Fátítt er að heimavinna taki mið af fjölskylduaðstæðum. Mæður virðast marktækt oftast sinna heimavinnu barnanna en feður.

Lestrarferfiðleikar frá sjónarhóli foreldra

Greinar L. Marinósson, prófessor við Menntavísindasvið HÍ (gretar.marinoss@gmail.com)

Erindið fjallar um áhyggjur foreldra af því að börn þeirra muni hugsanlega ekki ná góðum tókum á lestri og staðfestingu en 15–20% þeirra eru á því börn þeirra eigi nú þegar erfitt með lestrarnám. Ennfremur er fjallað um hvernig skólinn bregðist við erfiðleikum nemenda í læsinnámi eins og foreldrar skilja það. Foreldrar vita ekki mikið um þau vinnubrögð sem beitt er í skólanum með lestrarerfiðleika barna þeirra en giska á að allar þær nálganir sem nefndar eru í spurningalista séu við hafðar; að bekkjarkennari, sérkennari og stuðningsfulltrúi skipti með sér verkum og vinni með börnin í heimastofu eða utan hennar. Ljóst er þó að erfiðleikarnir og þar með áhyggjur foreldra fylgja mun fremur drengjum en stúlkum og meira er jafnframt fyrir þá gert.

Foreldrar vannýtt afl í lestrarnámi?

Guðmundur B. Kristmundsson dósent (gudkrist@hi.is)

Í erindinu verða þrjú meginatriði reifuð:

- a) Foreldrar segjast bera mikla ábyrgð á lestrarnámi barna sinna. Þeir telja að ýmsar venjur á heimilum hafi áhrif á lestrarnám, svo sem lestur á heimili, áhugi og samræður við barn um lestur. Allmargir telja þó að sig skorti leiðbeiningar um lestrarnám.
- b) Foreldrar virðast vita fremur lítið um kennsluáætlanir kennara, kennsluáferðir og fleira sem lýtur að skólastarfinu.
- c) Kennarar telja að þeir veiti foreldrum góðar upplýsingar um kennsluáferðir, skipan kennslu, námsmat og ýmislegt annað sem varðar skólastarfið almennt og hvað viðkemur stöku nemendum.

Foreldrar finna til mikillar ábyrgðar og vilja styðja sem best við lestrarnám barna sinna. Svo úr því geti orðið þarf að treysta samband skóla og heimila og virkja þannig afl foreldra til góðs fyrir vegferð barna til læsis.

Almennar ályktanir

Svo virðist sem þátttaka foreldra í læsinnámi barna þeirra sé minni en margir þeirra gjarnan vilja. Aðrir foreldrar telja affarasælast að láta sérfræðingana um að sinna kennslunni. Allir foreldrar telja sig þó bera fulla ábyrgð á því að barnið verði læst. Hvernig má skilja þessar niðurstöður? Hvers eðlis er bilið á milli vilja og framkvæmdar; hvernig birtist ábyrgð foreldra á náminu? Rannsóknir staðfesta að stuðningur foreldra við nám barnanna sé til góðs. En hvernig eiga þeir að sinna því ef þeir vita fátt eitt um skólastarfið?

Er skólinn er að breytast úr menningarstofnun í þjónustustofnun fyrir heimilin? Sem menningarstofnun hafði hann það hlutverk að miðla gildum, ekki síst þjóðlegum. Það var mikilsvert að fá þar til starfa vel menntaða og grandvara einstaklinga sem gátu verið börnunum góð fyrirmynd og uppspretta þekkingar. Talið var æskilegt að ná samstarfi um þetta við heimilin, þótt foreldrum væri ekki alltaf treyst fyllilega fyrir ábyrgð á náminu. En sem þjónustustofnun breytist afstaða skólans til heimilisins. Heimilið verður viðskiptavinur eða neytandi sem á rétt á þjónustunni. Og kennivald skólans er ekki lengur viðurkennt. Hann þarf að sinna starfi sínu vel því að foreldrar bera fulla ábyrgð.

Málstofa 2.3 – stofa M203

Lestur til gagns

Freyja Auðunsdóttir, kennari og verkefnastjóri í Flensborgarskóla (frejja@flensborg.is)

Árið 2014 fékk Flensborgarskólinn styrk úr Sprotasjóði til að þróa verkefnið LTG eða Lestur til gagns. Úr umsókn: „Markmiðið með verkefninu er að efla með nemendum færni við að notfæra sér mismunandi lestrarlag og tækni. Nemendur læra viðurkennda tækni til að auka leshraða, þjálfar leitarlestur og áheyrilegan upplestur. Auk þess er rík áhersla lögð á að nemendur læri afla sér upplýsinga úr öllum áttum um tiltekið efni, greini þær og meti.“ Á haustönn 2014 var eingöngu boðið upp á námskeiðið LTG í svo kölluðum heimanámstímum. Til að mæta eftirspurn var ákveðið á vorönn að bjóða upp á námskeiðið fyrir alla nemendur sem kæmu því fyrir í stundaskrá og hefðu áhuga. Eins og gefur að skilja þurftu margir frá að víkja í það skiptið en okkur varð ljóst að þetta nám ætti erindi við alla nemendur í skólanum. Á námskeiðinu var áhersla lögð á hraðlestur og lestrarlag því í ljós kom að margir nemendur voru afar hæglæsir í könnun sem lögð var fyrir í upphafi. Árangur þátttakenda lét ekki á sér standa. Algengt var að nemendur þrefölduðu leshraðann en svo voru dæmi um að nemendur sexfölduðu hann og einn nemandi las níu sinnum hraðar í lok námskeiðsins. Það er ánægjulegt að greina frá því að í dag er lestrarnámið hluti af HÁMArk-áfanganum sem allir nemendur skólans taka: <http://www.flensborgarskolinn.com/haacutema1gh02.html>. Hér má fræðast nánar um verkefnið: http://www.sprotasjodur.is/static/files/flennsborg_210_lokaskyrsla.pdf.

Mat á orðaforða í skólastarfi

Guðmundur Engilbertsson, dósent við kennaradeild HA (ge@unak.is)

Mat á orðaforða felur yfirleitt í sér prófun þar sem skýra þarf með ýmsum hætti merkingu orða (Read, 2000; 2007). Prófunin getur verið sértæk (aðeins mat á orðaforða) eða innifalin í annarri prófun (t.d. tungumáli). Hún getur ýmist falið í sér mat á sértækum orðaforða (t.d. í stærðfræði eða náttúrufræði) eða almennum orðaforða, háð samhengi eða án samhengis. Markmið prófunar er að meta þekkingu á orðaforða og vitund um hvernig nota má orðaforðann á skapandi og greinandi hátt. Tengsl orðaforða, skilnings og námsárangurs eru mikil og því getur mat á orðaforða gefið sterkar vísbendingar um námsgengi. Það beinir sjónum bæði að mikilvægi orðaforða fyrir nám og markvissrar orða- og hugtakakennslu í skólastarfi. Til eru nokkur stöðluð orðaforðapróf en minna fer fyrir fjölbreyttum matsaðferðum sem kennarar geta notað í námi og kennslu í ólíkum námsgreinum grunn- og framhaldsskóla. Í erindinu verður rætt um slíkar leiðir og einkum lögð áhersla á matshugmyndir sem má útfæra í ólíkum námsgreinum og tengja almennt við námsmat.

Málstofa 2.4 – stofa L201

Hvernig geta námsbækur glætt lestraráhuga? Hvernig kveikjum við neistann?

Sigríður Wöhler (sigridur.wohler@mms.is) og Elín Lilja Jónasdóttir (elin.lilja.jonasdottir@mms.is), sérfræðingar og ritstjórar við Menntamálastofnun

Í nýju námsefni í íslensku er nálgun og efnistöð með breyttu sniði. Þessari málstofu er ætlað að skoða hvernig komið er til móts við áherslur í aðalnámskrá í útgefnu námsefni í íslensku. Skoðað verður hvað hefur breyst og hvernig efnistöð taka mið af breyttum áherslum. Hvaða aðferðir nota höfundar til að kveikja neistann og viðhalda loganum? Hvernig nýtist það kennurum og hvernig getur námsefni í íslensku komið til móts við vinnu kennara í því að efla læsi og lesskilning? Ritstjórar í íslensku á vegum Menntamálastofnunar fara yfir þær leiðir sem tengdar eru læsi og áhersla er lögð á í námsbókum í íslensku á öllum stigum. Stuttlega verður fjallað um uppbyggingu bóka, val á efni, samsetningu og aðferðir til að kveikja áhuga nemenda á textanum og viðhalda áhuga þeirra út fyrir námsbókina. Skoðað verður hvernig unnið er með textann til að auka lesskilning nemenda og hvernig efni er gert áhugavert t.d. með fjölbreyttu myndefni.

Hvers kyns bókaormar: Lestrarvenjur pílta og stúlkna á Íslandi í evrópskum samanburði

Brynhildur Þórarinsdóttir, dósent við kennaradeild HA (brynh@unak.is), Andrea Hjálmsdóttir, lektor félagsvísindadeild HA (andrea@unak.is), og Þóroddur Bjarnason, prófessor við félagsvísindadeild HA (thorodd@unak.is)

Orðræðan um lestrarvanda drengja hefur verið áberandi síðan PISA-könnunin 2012 gaf til kynna að þriðji hver drengur á Íslandi læsi sér ekki til gagns. Sýnt hefur verið fram á tengsl lestraránægju og árangurs í lesskilningi í PISA og þótt lestraráhugi beggja kynja hafi dalað mikið á fáeinum áratugum lesa stelpur enn mun meira en strákar sem kann að skýra þann kynjamun á námsárangri sem PISA sýnir. Orðræðan um kynjamun í lestrarvenjum er þó vafasöm og gefur í skyn að lestur sé kynbundin iðja. Mikilvægt er að hafa í huga að ekki eru allir latir lesendur strákar né eru allir strákar latir að lesa. Í hópi lestrarhesta leynast bæði stelpur og strákar rétt eins og í hópi bóklausra. Þótt hér sé rekinn þessi varnagli er þó ekki hægt að líta framhá því að í heildina er munur á lestrarvenjum kynjanna sem þarf að vinna á þannig að sem flestum drengjum og stúlkum gangi sem best innan skólakerfisins. Hér verður rætt um niðurstöður ESPAD rannsóknarinnar 2015 á lestrarvenjum pílta og stúlkna á Íslandi og breytingar á lestrarvenjum kynjanna yfir tíma, jafnframt því sem lestur íslensku barnanna er skoðaður í evrópskum samanburði um 40 landa.

Málstofa 2.5 – stofa L202

Til að hafa gaman af lestri er nauðsynlegt að skilja tungumálið

Elsa Pálsdóttir (elsa.palsdottir@mms.is) og Andrea Anna Guðjónsdóttir (andrea.anna.gudjonsdottir@mms.is), læsiráðgjafar við Menntamálastofnun

Í erindinu, sem er byggt á rannsóknum og reynslu af þróunarstarfinu *Brú milli tungumála*, ætlum við að fjalla um hvernig við getum auðveldað tvítyngdum börnum í leik- og grunnskóla að ná tökum á íslensku tungumáli. Fjallað verður um hvernig skólasamfélagið getur stutt sem best við íslenskunám barna með íslensku sem annað tungumál. Komið verður fram með tillögur um hvað lærdómssamfélagið getur gert til að auka orðaforða, efla hljóðkerfisvitund og auðvelda tvítyngdum börnum að vera virk í samfélaginu. Börn með annað móðurmál en ríkir í skólanum hafa gjarnan minni orðaforða en önnur börn enda sýna rannsóknir að lítil orðaforði er ein af meginástæðum þess að börnum hættir til að dragast aftur úr í lesskilningi og almennu námsgengi. Sagt verður frá hvernig reynsla af þátttöku í þróunarstarfi breytti áherslum og sýn á kennsluhætti tvítyngdra barna.

Læsisáttmáli Heimilis og skóla

Björn Rúnar Egilsson, verkefnastjóri Heimilis og skóla (bjorn@heimiliogskoli.is)

Læsisáttmálinn er leiðarvísir og stuðningsefni fyrir foreldra. Bekkjarfulltrúar, umsjónarkennarar og aðrir geta nýtt sér sáttmálann til að koma af stað umræðum um læsi og hlutverk foreldra þegar kemur að námi og lestrarþjálfun barna.

Markmið læsisáttmálans eru að:

- stuðla að aukinni lestrarfærni barna og unglinga með þátttöku og stuðningi foreldra
- kynna fyrir foreldrum um hvað lestrarnám snýst
- gefa foreldrum hugmyndir og góð ráð til að stuðla að læsi barna sinna
- stuðla að samstarfi skóla og foreldra um læsinnám barna
- auka vitund foreldra um ábyrgð þeirra gagnvart læsi og lestrarþjálfun barna sinna

Í Læsisáttmálanum eru kynnt sex áhersluatriði sem fela í sér leiðir til að ná þessum markmiðum.

Á málstofunni verður samningurinn kynntur, atriði hans rædd og farið yfir val á hverju þeirra. Einnig verður farið yfir atriði sem gott er að hafa í huga fyrir og við fyrirlögn sáttmálans.

Málstofa 2.6 – stofa L 203

Reynsla umsjónarkennara af kennslu nemenda með leshömlun

Hanna Ásgeirsdóttir, stjórnandi í Borgarhólsskóla (hanna@borgarholsskoli.is), og Hermína Gunnþórsdóttir, lektor við kennaradeild HA (hermina@unak.is)

Í erindinu verður fjallað um reynslu og upplifun umsjónarkennara af kennslu nemenda með leshömlun. Reynsla kennaranna verður tengd við núgildandi menntastefnu, sem byggir á hugmyndum um skóla án aðgreiningar. Erindið byggir á eigindlegri rannsókn sem fram fór í byrjun árs 2016. Gagnaöflun fólst í að tekin voru þrjú rýnihópaviðtöl við þrettán kennara í þremur skólum á landsbyggðinni. Fjallað verður um niðurstöður rannsóknarinnar í ljósi breytinga á reynslu og upplifun kennara á undanförunum árum varðandi kennslu þessa nemendahóps, þekkingar og viðhorfa til leshömlunar, framboðs á námsefni og breyttra starfshátta eins og teymiskennslu sem felur í sér aukið samstarf kennara. Kennararnir höfðu áhyggjur af líðan og sjálfstrausti nemendahópsins vegna þeirra námsörðugleika sem hann tekst daglega á við. Að mati kennaranna er ákveðið álag fólgið í því að kenna og hafa umsjón með nemendum með leshömlun og hefðu kennararnir viljað hafa betri grunn í kennslu nemendahópsins úr kennaranáminu til að byggja kennslu sína á og meiri tíma til undirbúnings. Kennararnir voru meðvitaðir um að reynsla þeirra og upplifun mótaðist af þeim skólagerðum sem þeir starfa í, sérstaklega þeir sem kenndu í fámennari skólunum.

Gildi læsis fyrir börn og unglinga með Downs-heilkenni

Halldóra Haraldsdóttir, dósent við kennaradeild HA (hh@unak.is)

Læsi er ein af stoðum menntunar í íslensku skólakerfi. Börn með Downs-heilkenni eiga við ákveðna mál- og tjáskiptaörðugleika að etja en læra mörg að lesa þrátt fyrir að ná mislangt í lestrarferlinu. Meginmarkmið kennslu samkvæmt svokölluðu Karlstaðlíkani, sem þróað var með þarfir þessara barna í huga, er að efla samskiptafærni og þróa mál og læsi sem verkfæri samskipta og vitsmuna. Það má segja að hugmyndafræðin sem liggur að baki Karlstaðlíkaninu eigi samhljóm með skilgreiningunni á læsishugtakinu sem fjölhátta (e. multimodal literacy) en það byggir á því að koma merkingu á framfæri á fjölbreyttan hátt, með talmáli, myndmáli, hlustun, hljóðum eða samspili ólíkra samskiptahátta. Í þessu erindi verður gerð grein fyrir athugun í bekk í skóla margbreytileikans þar sem barn með Downs-heilkenni heyrði til. Sjónum er einkum beint að þátttöku nemandans í hópnum og árangursríkri læsiskennslu.

Málstofa 2.7 – stofa M101

Læsi; gagnvirk nálgun og árangursríkar leiðir

Bryndís Guðmundsdóttir, talmeinafræðingur og kennari hjá Raddlist ehf. og
Talþjálfun Reykjavíkur (bryngudm@gmail.com)

Kynntar verða heildarlausnir í íslensku námsefni í formi bóka, spila, DVD og smáforrita, sem vinna markvisst að hljóðavitund, réttum framburði máhljóða, hljóðkerfisvitund og orðaforða. Allt þættir sem byggja á grunnþáttum sem rannsóknir sýna að hafa mest forspárgildi til undirbúnings læsis með áhrif á námsgetu síðar á lífsleiðinni. Um er að ræða aðferðafræði sem hefur verið kynnt undir formerkjum „Lærum og leikum með hljóðin“. Sérstaklega verður greint frá niðurstöðum inngripsrannsóknar á notkun íslenskra smáforrita til undirbúnings læsis hjá 6 ára nemendum í áhættu fyrir lestrarörðugleikum. Þá verður greint frá frumniðurstöðum á árangri nemenda á stöðluðu prófi „Leið til læsis“, en nemendurnir fóru í gegnum markvissa þjálfun smáforritanna „Lærum og leikum með hljóðin“ og „Froskaleikir Hoppa á leikskólaaldri“. Hér er um að ræða smáforrit/öpp sem hlotið hafa alþjóðlegar viðurkenningar og tilnefningar sem bestu smáforrit í menntun. Í námsefninu eru nemendur á leikgrunnskólaaldri virkir þátttakendur í gagnvirku námsefni sem kynnt verður enn frekar í málstofunni auk þess sem bent verður á árangursríkar og gagnreyndar leiðir í notkun námsefnisins sbr. íslenskar og erlendar rannsóknir.

Hljóðánám í þrívídd leggur grunn að lestri og ritun

Eyrún Ísfold Gísladóttir (eyrunisfold@gmail.com) og
Þóra Másdóttir (thoramas@gmail.com), talmeinafræðingar hjá Talþjálfun Reykjavíkur

Nýverið kom út kennsluefnið Hljóðasmiðja Lubba (Eyrún Ísfold Gísladóttir og Þóra Másdóttir, 2015), sem byggir m.a. á rannsóknum Þóru Másdóttur um hljóðþróun og framburð íslenskra barna. Byggt er á samþættingu skynleiða, svokölluðu hljóðánámi í þrívídd, sem felst í að virkja sjón, heyrn og hreyfi-/snertiskyn til að örva myndun máhljóðanna. Hljóðin eru tengd upplifun og verða nánast ápreifanleg fyrir tilstilli táknrænna hreyfinga fyrir hvert máhljóð. Efninu er jafnframt ætlað að styrkja hljóðavitund og aðra þætti hljóðkerfisvitundar sem fela í sér undirstöðufærni fyrir lestrarnám og ritun. Sérstök áhersla er lögð á brúarsmið milli hljóðs og stafs og að ná fram sjálfvirkni í umskráningu. Örsögum Lubba, tengdar hverju máhljóði, er ætlað að örva hlustun, málskilning og orðaforða auk þess sem tækifæri skapast til samræðna og rökhugsunar sem ýtir undir lesskilning. Börnin aðstoða Lubba við að tengja máhljóðin saman og lesa einföld merkingarbær orð þar sem táknrænum hreyfingum máhljóðanna er raðað saman (hljóðlestur). Í þessu erindi verður farið yfir fræðilegan grunn Lubbaefnisins og rannsóknir sem liggja að baki. Einnig verður greint frá dæmum um hvernig nokkrir leikskólar nýta sér Hljóðasmiðju Lubba á markvissan og skapandi hátt, m.a. í vinnu við innlögð máhljóðanna, hljóðtengingu, hljóðkerfisvitund og upphafsskref lestrartileinkunnar.

Málstofa 2.8 – stofa L101

Alþjóðavædd ábyrgðarskylda til heimabruks: Íslensk viðbrögð við niðurstöðum PISA

Vísindalæsi, vísindalegt læsi og PISA fyrirbærið

Meyvant Þórólfsson, dósent við Menntavísindasvið HÍ (meyvant@hi.is)

Hugmyndir um náttúruvísindalæsi má rekja langt aftur á síðustu öld. Upphafið er jafnan rakið til greinar eftir Paul DeHart Hurd frá árinu 1958. Þar vakti hann athygli á að allir þyrftu á að halda tiltekinni þekkingu og skilningi af sviði vísinda og tækni til að geta starfað sem fullgildir þjóðfélagsþegnar; brúa þyrfti bilið milli þess sem hann nefndi á ensku „wealth of scientific achievement“ annars vegar og hins vegar „poverty of scientific literacy“. Síðan hafa fjölmargir sérfræðingar reynt að skilgreina nánar þýðingu slíks „læsis“ með tilliti til markmiða, námsmats og samspils náms og kennslu í skólasterfi. Douglas Roberts (2007) hefur lýst slíkum tilraunum skólasamfélagsins sem þrotlausum átökum milli tveggja megin sjónarmiða; náms í greinum (fræðigreinum) náttúruvísinda annars vegar, þ.e. líffræði, eðlisfræði, efnafræði, jarðfræði og stjörnufræði, og hins vegar náms í almennum náttúruvísindum er tengjast daglegu lífi og starfi. Til aðgreiningar nefna sumir það fyrra vísindalæsi (science literacy) og það síðara vísindalegt læsi (scientific literacy). Roberts (2007) talaði einnig um Sýn I (Vision I) og Sýn II (Vision II). Hinn yfirlýsti tilgangur OECD PISA á við Sýn II. Meginspurningar þessa erindis eru tvær: Hver er hinn raunverulegi tilgangur OECD með PISA-verkefninu? Er PISA orðið að risafyrirbæri, leiðandi afli samræmingar allra menntakerfa?

Áhrif og réttmæti skólakerfaransóknar OECD/PISA sem afkvæmis hugmyndafræðilegra átaka

Þorlákur Axel Jónsson, aðjúnkt við kennaradeild HA (thorlukur@unak.is)

Skólakerfaransókn Efnahags- og framfarastofnunarinnar OECD, sem kunn er undir skammstöfun sinni PISA, er stendur fyrir Programme for International Student Assessment en þýða mætti sem Framkvæmdaráætlun um fjölþjóðlegt námsmat, er viðamesta og áhrifaríkasta reglubundna meginlega menntaransóknin sem Ísland tekur þátt í. Verkefnið er kynnt sem „fjölþjóðleg samburðarrannsókn á frammistöðu menntakerfa“ (Námsmatsstofnun, 2006: 5). PISA notar mælingar á lesskilningi unglunga til þess að upplýsa hversu vel skólakerfunum tekst til með að nesta nemendur sína með þeirri þekkingu og hæfni sem þeir munu þurfa á að halda og hvort þeir geti beitt þessari þekkingu og hæfni við óþekktar aðstæður (Námsmatsstofnun, e.d: 9). Tilgangurinn er að vera stefnumótendum þátttökuríkanna til leiðsagnar við breytingar á skólakerfum. Hér verður fjallað um sögulega tilurð PISA verkefnisins í átakaferli fjölþjóðlegra stofnana og ólíkra uppeldisfræðilegra hugmynda. Átakafletirnir í uppeldisfræðilegri kenningu rannsóknarverkefnisins verða ræddir. Rætt verður hvernig niðurstöðuskýrslurnar birta jafnframt átök boðbera nýfrjálshyggju við þann sáttmála jafnaðarmanna og frjálslýndra um skólasterf sem ríkt hefur í samsvarandi viðleitni til þess að ramma inn og stjórna skólakerfum ríkja. Spurt verður um bein áhrif PISA-rannsóknarinnar á stefnumótun stjórnvalda á Íslandi og ólæsisumræðu þrungna pólitískum tilfinningum í ljósi rannsókna á fræðilegu réttmæti PISA-verkefnisins.

PISA, „blindandi sýn“ *) á viðfangsefni í læsismenntun og þjóðarsáttmáli um lágmarksárangur

Rúnar Sigbórsson, prófessor við kennaradeild HA (runar@unak.is)

Meginmarkmið *Hvítbókar um umbætur í menntun* (2014), varðandi læsi, er að 2018 hafi 90% nemenda náð þeim lágmarksárangri að geta „lesið sér til gagns“, en það er skilgreining hvítbókarinnar á lestrarhæfni þeirra nemenda sem ná að minnsta kosti hæfniprepi 2 á PISA-prófinu. Í kjölfar hvítbókarinnar efndi mennta- og menningarmálaráðherra síðan til þjóðarátaks til að ná þessum lágmarksárangri.

Í þessu erindi er leitast við að greina hvaða skilningur á læsi liggur að baki þjóðarsáttmálanum og boðuðum aðgerðum samkvæmt honum og hvernig þær beinast – og beinast ekki – að ýmsum mikilvægum viðfangsefnum á sviði læsismenntunar. Niðurstaðan er í fyrsta lagi að Hvítbókin og þjóðarsáttmálinn lýsi tilfinningaþrunginni fremur en röklegri afstöðu til niðurstaðna PISA-prófsins sem byrgir sýn á mikilvæg viðfangsefni á sviði læsismenntunar, svo sem lágt hlutfall nemenda í *efstu hæfnisþrepunum* á PISA-prófinu, kynjamun, mun milli landshluta eða þjóðfélagshópa, minnkandi bóklestur barna og unglunga og stöðu unglunga sem ekki ná góðum árangri á PISA-prófinu. Önnur niðurstaða er að boðaðar aðgerðir virðist byggðar á einhliða áherslu á leshraða, stöðluð viðmið um lestrarfærni, próf, ábyrgðarskyldu og skyndilausnir til að efla hæfni kennara; en skorti rökvísa og heildstæða framtíðarsýn á hvernig bregðast eigi við þeim viðfangsefnum sem rakin eru í erindinu, til dæmis með starfsþróun kennara, þróun skóla sem lærdómssamfélaga og samræmdum aðgerðum yfirvalda, almennra skóla, háskóla, foreldra og samfélags.

*) Líkingin er sótt til M. Fullan, sjá t.d. *Educational Leadership* febrúar 1992.

Málstofa 3.1 – stofa M201

Folald er lítið lamb. Að efla orðaforða barna með sögulestri

Katrín Elísdóttir, kennari við Sæmundarskóla (katrin.elisdottir@reykjavik.is), Halldóra Haraldsdóttir, dósent við kennaradeild HA (hh@unak.is), og Jórunn Elísdóttir, dósent við kennaradeild HA (je@unak.is)

Í erindinu verður fjallað um rannsókn mína þar sem skoðað var á hvern hátt ég gæti eflt orðaforða og þar með lesskilning nemenda minna með áhugaverðum barnabókum. Í rannsókninni studdist ég við aðferðina Orðaspjall (e.Text Talk). Markmið hennar er að efla orðaforða og hlustunarskilning barna með lestri bóka. Rannsóknir hafa sýnt fram á að markviss orðaforðakennsla hefur jákvæð áhrif á lesskilning og skilning barna á merkingu orða. Rannsóknarspurningar til grundvallar verkefninu voru: Hvernig get ég bætt orðaforða nemenda í 1. bekk með það að markmiði að efla lesskilning þeirra? Á hvern hátt getur kennsluaðferðin Orðaspjall haft áhrif á orðaforða barna í nemendahópnum? Við upphaf rannsóknarinnar skoðaði ég stöðu málskilnings nemenda út frá Hljóm-2 og bar hana saman við þekkingu þeirra á fyrirfram ákveðnum orðaforða í upphafi skólaársins. Færni í málskilningi styður ekki eingöngu við öflun orðaforða einstaklings; hann er jafnframt mikilvæg stoð í þróun lesskilnings. Út frá niðurstöðum rannsóknarinnar dreg ég þá ályktun að nemendur sem sýndu fram á erfiðleika með málskilningi í upphafi átta í greinilegum erfiðleikum með að læra ný orð og því mikilvægt að vinna markvisst að því að kenna nemendum ný orð.

Málstofa 3.2 – stofa M202

Hugleikur – gildi samræðna fyrir nám

Jenný Gunnbjörnsdóttir, aðjúntk við kennaradeild HA (jennyg@unak.is), Sólveig Zophoníasdóttir, sérfræðingur við miðstöð skólaþróunar við HA (sz@unak.is), Guðmundur Heiðar Frímansson, prófessor við kennaradeild HA (ghf@unak.is), og Jórunn Elísdóttir, dósent við kennaradeild HA (je@unak.is)

Í erindinu verður sagt frá verkefninu Hugleikur – samræður til náms og greint frá fyrstu niðurstöðum úr rannsóknarhluta verkefnisins sem fram fór skólaárið 2015–2016. Verkefnið er unnið í samstarfi Háskólans á Akureyri og fjögurra leik-, grunn- og framhaldsskóla á Akureyri. Markmið verkefnisins er að stuðla að aukinni hæfni kennara, barna og ungs fólks til að taka þátt í samræðum sem námsaðferð í daglegu skólastarfi. Margvíslegar rannsóknir hafa farið fram á samræðum sem sýna að samræður efla ígrundun nemenda og vitund þeirra um eigin hugsunaraðferðir. Samræðuaðferðir fela í sér að spyrja spurninga sem hvetja til ígrundunar í þeim tilgangi að efla með nemendum gagnrýna hugsun og hæfni til að ræða saman um nám og annað sem snertir þeirra daglega líf. Nýnæmi verkefnisins felst í að rannsaka áhrif samræðuaðferða á nám og námshæfni nemenda í íslenskum skólum. Markviss beiting samræðna í kennslu virðist líkleg til að stuðla að betri skilningi nemenda á því námsefni sem þeir kljást við og þar með betra námi þeirra. Vonin er einnig að samræðuaðferðir stuðli að gagnrýninni hugsun nemenda.

Málstofa 3.3 – stofa M203

Mismunandi námsárangur kynjanna í læsi á yngsta stigi

Rósa Karlsdóttir, kennari við Lundarskóla (rosak@akmennt.is), og Halldóra Haraldsdóttir, dósent við kennaradeild HA (hh@unak.is)

Læsi hefur verið ofarlega á baugi í skólamálaumræðu hér á landi, ekki síst lesskilningur unglingsdregja, en niðurstöður samræmdra prófa og PISA-rannsókna sýna mun slakari árangur þeirra en unglingsstúlkna. Staða yngri barna hefur fengið minna vægi í rannsóknum.

Í þessu erindi verða kynntar niðurstöður rannsóknar sem gerð var í meistaranámi í menntavísindum við Hug- og félagsvísindasvið Háskólans á Akureyri. Meginmarkmið rannsóknarinnar var að skoða reynslu grunnskólakennara á yngsta stigi af stöðu kynjanna með tilliti til námsárangurs, einkum í læsi, og hvort um væri að ræða mun á reynslu kennara sem kenndu annars vegar í blönduðum og hins vegar í kynjaskiptum grunnskólum.

Meginniðurstöður voru eftirfarandi: Allir kennararnir höfðu þá reynslu að færni stúlkna í lestri væri betri en dregja en töldu þó lítinn sem engan mun á lesskilningi. Þeir upplifðu hins vegar mun á sjálfstjórn kynjanna sem þeir töldu að hefði áhrif á læsinnám. Helsti skoðanamunur kennaranna í þessum skólagerðum var að kennararnir í kynjaskiptu skólunum töldu að kynjaskipting nemenda skipti meginmáli fyrir nám þeirra og leiddi til þess að kennarar ættu auðveldara með að koma á móts við ólíkar þarfir kynjanna. Kennararnir í blönduðu skólunum horfðu meira á einstaklingsþarfir og samsetningu hópsins í ólíkum námsaðstæðum.

Málstofa 3.4 – stofa L201

Orðaforði og hugtakakennsla í námsgreinum grunn- og framhaldsskóla

Guðmundur Engilbertsson, lektor við kennaradeild HA (ge@unak.is)

Ljóst er að árangur í námi tengist valdi á máli, orða- og hugtakaforða. Árangur t.d. í stærðfræði, náttúrufræði og samfélagsfræði er háður valdi á hugtökum námsgreinanna og tungumáli þeirra. Ef orða- og hugtakaforði er rýr hefur það vítahringssáhrif, sífellt erfiðara verður að skilja námsefni og í raun skapast ólæsi á það. Að sama skapi stuðlar vald á orða- og hugtakaforða námsgreina að skilningi, árangri og námsáhuga. Allar námsgreinar innihalda „þekkingarforða“ sem endurspeglast í orða- og hugtakaforða. Til þess að læra og tjá sig um efni námssviða grunn- og framhaldsskóla þarf nemandi að skilja og ráða yfir viðeigandi orðaforða og orðræðu. Hægt er að efla orða- og hugtakaforða nemenda með markvissum og kerfisbundnum hætti, beint og óbeint. Ef það tekst vel eykst „skilningur“ nemenda á námsefninu og það stuðlar að meiri „lestraránægju“. Slíkt vald ýtir jafnframt undir meira og ánægjulegra nám. Í erindinu verður fjallað um markvisst skipulag orða- og hugtakakennslu og það tengt við árangursríkar kennsluaðferðir.

Málstofa 3.5 – stofa L202

Æfing í vönduðum upplestri og áhrif á lesskilning

Sigurlaug Sævarsdóttir kennari (sis120@hi.is) og
Baldur Sigurðsson, dósent við Menntavísindasvið HÍ (balsi@hi.is)

Í lestrarkennslu er upplestur nemenda yfirleitt notaður sem mælikvarði á lesfimi og lesskilning. Lítið hefur hins vegar verið athugað hvort markviss þjálfun í upplestri er beinlínis leið til að efla lesskilning. Nýlegar rannsóknir benda til þess að þjálfun í upplestri geti notað hið túlkandi hljómfall upplestrarins til að auka skilning og þannig glætt tilfinningu fyrir samfellu og samhengi ritaðs máls.

Valinn var hópur 18 nemenda í fjórða bekk. Börnin hittu rannsakanda vikulega í tólf vikur, þrjár til fimm nemendur í senn, og las hver upphátt í eina mínútu. Rannsakandi leiðbeindi stuttlega um merkingu textans og túlkun, þannig að aðrir hefðu ánægju af að hlusta. Lesefnið var hluti af því lesefni sem árgangurinn las í öðru samhengi og var ekki viðbót við lestrarþjálfun árgangsins nema að því leyti sem nam þessum upplestri.

Á lesskilningsprófi í lokin stóð hópurinn sig umtalsvert betur en samanburðarhópurinn. Einstaklingsmunur var mikill og samhengi við frammistöðu í lestrarstundum með rannsakanda var ekki ótvírætt. Niðurstöður benda samt eindregið til að markviss þjálfun í túlkandi upplestri hafi jákvæð áhrif á lesskilning.

Málstofa 3.6 – stofa L203

Hvað ræður mishröðum framförum barna í textaritun í 2.–4. bekk?

Rannveig Oddsdóttir, doktorsnemi og sérfræðingur við miðstöð skólapróunar HA (rannveigo@unak.is), Hrafnhildur Ragnarsdóttir, prófessor við Menntavísindasvið HÍ (hragnars@hi.is), Freyja Birgisdóttir, dósent við Menntavísindasvið HÍ (freybi@hi.is), Steinunn Gestsdóttir, prófessor við sálfræðideild HÍ (steinuge@hi.is), og Sigurgrímur Skúlason próffræðingur (sigurgrimur.skulason@mms.is)

Í fyrstu bekkjum grunnskóla eru börn að ná tókum á táknerfi ritmálsins og byrja að spreyta sig á því að setja saman ritaða texta. Framfarir í textaritun eru háðar mörgum samverkandi þáttum, svo sem færni í umskráningu, tókum á tungumálinu og sjálfstjórn, auk þess sem sú kenning sem börn fá hefur mikið að segja. Markmið rannsóknarinnar sem hér er kynnt var að skoða einstaklingsmun í framförum í textaritun íslenskra barna í 2.–4. bekk og kanna hvort sjá mætti tengsl á milli framfara barnanna og stöðu þeirra í umskráningu, orðaforða og sjálfstjórn. Ritunarverkefni voru lögð fyrir 45 börn með árs millibili í 2., 3. og 4. bekk og mælingar á sjálfstjórn, umskráningu og orðaforða nýttar til að kanna áhrif þessara þátta á þróunina í rituninni. Mikill einstaklingsmunur var á frammistöðu barnanna og framförum þeirra milli ára. Sumum fór lítið sem ekkert fram á meðan önnur tóku stórstígum framförum. Engin einhlít skýring fannst á þessum mikla einstaklingsmun, en athygli vekur að þau börn sem voru skemmst á veg komin í textaritun í upphafi rannsóknarinnar sýndu almennt meiri framfarir en

þau börn sem sterkar stóðu í byrjun. Það gæti verið vísbending um að kennslan mæti ekki nægilega vel þörfum barna eftir að grunnfærni í ritun er náð og að þau fái ekki nægilegan stuðning við að þróa textaritun sína áfram.

Málstofa 3.7 – stofa M101

Getur verið gaman að lesa?

Sverrir Páll Erlendsson, kennari við Menntaskólann á Akureyri (svp@ma.is)

Í málstofunni verður gengið út frá spurningunni hvort hægt sé að gera eitthvað til að börnum og unglingum þyki gaman að lesa. Sverrir Páll hefur lengi velt fyrir sér lestri og fylgst með lestrarfærni nemenda sem hefja nám við MA. Fyrir 10–15 árum höfðu menn áhyggjur ef einhver nemandi las aðeins 150 orð á mínútu. Núna koma nánast hvert haust nemendur sem ná tæplega 100 orðum og örfáir geta lesið um 300 orð á mínútu, sem áður taldist meðalgóður leshraði. Árangur nemenda verður lakari með hverju árinu.

Lestur er íþrótt þar sem þarf að viðhalda þjálfuninni til að ná árangri. Lestur er hins vegar ekki í tísku. Það er engu líkara en að hér ríki einhvers konar lesfærni. Nemendurnir hafa allir lært lestur, en hafa ekki haldið sér í formi. Geta skólarnir brugðist við? Geta heimilin skorist í leikinn? Hvað er hægt að gera svo krökkunum leiðist ekki að lesa? Eða getum við fjölgað galdrakörlum eins og Ævari Þór Benediktssyni?

Málstofa 3.8 – stofa L101

Leikur með læsi

Guðrún Alda Harðardóttir, uppeldis- og menntunarfræðingur (guðrunalda@sigalda.is)

Námsumhverfi leikskólans Aðalþings tekur mið af því að börnin séu virk og læri í gegnum leikinn í víxlverkan umhverfis og sjálfs. Í Aðalþingi eru 120 börn á aldrinum 2–5 ára, hugmyndafræðilegar stoðir starfsins þar koma víða að, en sérstaklega er horft til heimspeki leikskólastarfsins í anda Malaguzzi. Til Vygotsky eru sóttar kenningar um félagslegt nám barna og hlutverk leiksins.

Rannsóknir sýna sterk tengsl milli gæða leikskólastarfs og aðbúnaðar barna til leikja og náms. Oft er talað um leikinn sem meginnámsaðferð leikskólabarna og fram kemur í Aðalnámskrá leikskóla að leikur sé órjúfanlegur þáttur bernskuáranna og eigi að vera þungamiðja leikskólastarfs.

Fjöldi rannsókna byggist á kenningum Vygotsky um hlutverk leiks í námi barna og rannsóknir hafa sýnt fram á að leikur getur skapað rými sem eflir viðfangsefni tengd læsi. Einnig hafa rannsóknir sýnt mikilvægi námsumhverfis barna; hvernig námstækifæri börnunum er skapað í umhverfinu.

Í erindinu verður greint frá leikskólastarfi og það skoðað í ljósi skilgreininga Roskos og Christie á *play-literacy nexus*, það er tengsl leiks og læsis. Í erindinu verður varpað ljósi á þátt námsumhverfis í að efla tengsl leiks barnanna og læsis.

Fjallað verður um dæmi frá leikskólastarfi fjögurra árganga leikskólabarna í Aðalþingi.



Munið eftir myllumerkinu #læsi16

Allir eiga að geta tengst gestaneti HA